



# Hvammsvirkjun – áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag



## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2016-137

Dags: Nóvember 2016

Fjöldi síðna: 74

Upplag: 30

Dreifing:

- Birt á vef LV  
 Opin  
 Takmörkuð til

Titill: Hvammsvirkjun - áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag

Höfundar/fyrirtæki: Rögvaldur Guðmundsson / Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.

Verkefnisstjóri: Helgi Bjarnason / Landsvirkjun; Ólafur Árnason / EFLA verkfræðistofa

Unnið fyrir: Landsvirkjun

**Útdráttur:** Í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að endurskoða skyldi hluta af matsskýrslu frá árinu 2003 um Hvammsvirkjun, annars vegar áhrif á landslag og ásýnd lands og hins vegar áhrif á ferðaþjónustu og útivist, var Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) fengin til að vinna að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ferðaþjónustu og útivist, en RRF sá um sambærilega rannsókn vegna framkvæmdarinnar árið 2001. Í fyrsta lagi var um að ræða könnun meðal íbúa í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi og á Skeiðum, en auk þess meðal sumarhúsaeigenda næst framkvæmda-svæðinu; í öðru lagi könnun meðal innlendra og erlendra ferðamanna á svæðinu nærri fyrirhugaðri virkjun sumarið 2016 og í þriðja lagi könnun meðal fagfólks í ferðaþjónustu. Bætt var einnig við spurningum í Dear Visitors könnun RRF í Leifsstöð á tímabilinu febrúar til ágúst 2016 um komur á staði nærri eða fremur nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Einnig var spurningum bætt við könnun hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður rannsókna voru bornar saman við niðurstöður kannana vegna fyrra umhverfismats. Gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í þessari skýrslu.

**Lykilorð:** Ferðaþjónusta, útivist, samfélag, Hvammsvirkjun, mat á umhverfisáhrifum

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar



# Hvammsvirkjun – áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag

Greinargerð fyrir Landsvirkjun



*Ferðamenn njóta útsýnis með Heklu í baksýn.*



# Efnisyfirlit

---

<b>1.0</b>	<b>Inngangur</b>	<b>1</b>
1.1	Verkefnið	1
1.2	Kannanir sem stuðst er við og framkvæmd þeirra	1
1.3	Úrvinnsla	3
<b>2.0</b>	<b>Samantekt, reifun, niðurstaða og mótvægisáðgerðir</b>	<b>4</b>
2.1	Samantekt	4
2.2	Reifun, niðurstaða og mótvægisáðgerðir	15
<b>3.0</b>	<b>Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2015</b>	<b>19</b>
3.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	19
3.2	Ferðamáti og farartæki	21
3.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	22
3.4	Allir ferðamenn á Íslandi	22
<b>4.0</b>	<b>Ferðaþjónusta á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar</b>	<b>23</b>
<b>5.0</b>	<b>Umferð um Þjórsárdalsveg og Landveg</b>	<b>25</b>
<b>6.0</b>	<b>Ferðamenn í Árnes-og Rangárvallasýslu og á fjær-og nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar</b>	<b>28</b>
6.1	Erlendir ferðamenn í Árnes- og Rangárvallasýslu	28
6.2	Erlendir ferðamenn í Landmannalaugum og á Flúðum (fjærsvæði)	30
6.3	Erlendir ferðamenn á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar	31
6.4	Íslendinga á nokkrum stöðum á nær- og fjærsvæði virkjunar 2015	34
6.5	Allir ferðamenn í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar 2015	36
<b>7.0</b>	<b>Íbúar og sumarhúsaeygndur 2016; samanburður við 2001</b>	<b>37</b>
7.1	Búseta, búsetuform og lengd búsetu	37
7.2	Land að Þjórsá	38
7.3	Kyn, aldur og menntun	39
7.4	Áhrif Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu, útivist og samfélag	39
7.5	Áhrif einstakra þátta Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu og útivist	42
7.6	Áhrif mögulegrar brúar	43
7.7	Útivist í nágrenni við fyrirhugaða Hvammsvirkjun	45
7.8	Afstaða til fullyrðinga um Hvammsvirkjun	47
7.9	Afstaða til Hvammsvirkjunar	49
7.10	Athugasemdir og ábendingar	51
7.11	Svör ferðaþjónustuaðila við sérspurningum	51

<b>8.0</b>	<b>Ferðamenn í nágrenninu sumarið 2016; samanburður við 2001</b>	<b>54</b>
8.1	Kyn, aldurshópar, menntun og búseta	54
8.2	Föruneysi, ferðamáti og farartæki	55
8.3	Staðir sem heimsóttir voru	56
8.4	Dvalarlengd, gistinætur og gistimáti	57
8.5	Komið áður /kunnugur	58
8.6	Ástæður komu	59
8.7	Afþreying	61
8.8	Afstaða til nýtingar mismunandi orkugjafa á Íslandi	62
8.9	Afstaða til þátta er tengjast vatnsaflsvirkjunum	63
8.10	Afstaða til fullyrðinga	64
8.11	Sjónræn áhrif Hvammsvirkjunar	65
8.12	Helstu áhrif af fyrirhuguðum mannvirkjum	66
8.13	Áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun af svæðinu	67
8.14	Áhrif Hvammsvirkjunar á komur á svæðið í framtíðinni	68
<b>9.0</b>	<b>Fagfólk í ferðþjónustu 2016; samanburður við 2001</b>	<b>69</b>
9.1	Kyn og aldurshópar	69
9.2	Stærð fyrirtækis	69
9.3	Tíðni ferða í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar	69
9.4	Staðir sem helst eru skoðaðir	70
9.5	Áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun ferðamanna af svæðinu	70
9.6	Áhrif virkjunarþátta á ferðþjónustu og útivist	71
9.7	Afstaða til fullyrðinga	72
9.8	Áhrif mögulegrar brúar á ferðþjónustu á svæðinu	73
9.9	Afstaða til Hvammsvirkjunar	73
	<b>Viðaukar</b>	<b>75</b>
Viðauki 1	Athugasemdir íbúa.	
Viðauki 2	Athugasemdir ferðþjónustuaðila.	
Viðauki 3	Athugasemdir ferðamanna	
Viðauki 4	Könnun meðal íbúa og sumarhúsaeigenda.	
Viðauki 5	Texti, myndir og kort fyrir könnun meðal íbúa og sumarhúsaeigenda.	
Viðauki 6	Könnun meðal innlendra ferðamanna.	
Viðauki 7	Könnun meðal erlendra ferðamanna (enska).	
Viðauki 8	Kort, tölvumynd og myndapör frá völdum stöðum vegna könnunar meðal ferðamanna og fagfólks í ferðþjónustu.	
Viðauki 9	Könnun meðal fagfólks í ferðþjónustu.	



## 1.0 Inngangur

---

### 1.1 Verkefnið

---

Þann 16. desember 2015 birti Skipulagsstofnun þá ákvörðun að endurskoða skyldi hluta af matsskýrslu um Hvammsvirkjun. Hún byggði á mati á umhverfisáhrifum áformaðrar Núpsvirkjunar sem fór fram á árunum 2001-2003. Annars vegar skyldi endurskoða þá hluta umhverfismats er varða áhrif á landslag og ásýnd lands og hins vegar áhrif á ferðapjónustu og útivist. Ein helsta röksemd Skipulagsstofnunar fyrir að endurskoða mat á áhrifum á ferðapjónustu og útivist var mikil fjölgun ferðamanna til Íslands á síðustu árum, mun meiri en spár í umhverfismati vegna Núpsvirkjunar höfðu gert ráð fyrir. Jafnframt væri í áherslum stjórnvalda nú lögð aukin áhersla á að dreifa ferðamönnum um landið og byggja upp nýja áfangastaði. Þetta hefði breytt forsendum í ferðapjónustu það mikið á 15 árum að endurskoðunar væri þörf.

Í ljósi úrskurðar Skipulagsstofnunar ákvað Landsvirkjun í samstarfi við verkfræðistofuna EFLU að semja við Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) um að vinna að þeim rannsóknum sem þörf var talin á. Var gengið frá samningum í febrúar 2016 og kveðið á um að framkvæma að mestu samaburðarhæfar rannsóknir við þær sem RRF sá um vegna Núpsvirkjunar árið 2001. Í fyrsta lagi var um að ræða könnun meðal íbúa í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi og á Skeiðum en auk þess meðal sumarhúsaeigenda næst framkvæmdasvæðinu. Í öðru lagi könnun meðal innlendra og erlendra ferðamanna á svæðinu nærri fyrirhugaðri virkjun sumarið 2016 og í þriðja lagi könnun meðal fagfólks í ferðapjónustu (ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og leiðsögu-menn). Þá var ákveðið að bæta við spurningum í *Dear Visitors* könnun RRF í Leifsstöð á tímabilinu febrúar til ágúst 2016 og spyrja þar um komur á staði nærri eða fremur nærri fyrirhugðu framkvæmdasvæði. Var það gert til að geta metið betur fjölda erlendra ferðamanna á einstaka staði og á nærsvæðinu í heild með samaburði við staði á fjærsvæði. Til að meta fjölda Íslendinga á svæðinu var síðan ákveðið að kaupa spurningar inn í könnun hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Ennfremur var kveðið á um að bera niðurstöður rannsókna saman við niðurstöður kannana vegna umhverfismats Núpsvirkjunar árið 2001. Loks var RRF falið að gera grein fyrir þróun ferðapjónustunnar frá 2001 til 2015, bæði á landsvísu og í nágrenni framkvæmdasvæðisins og að setja fram spá um þróunina til 2030.

### 1.2 Kannanir sem stuðst er við og framkvæmd þeirra

---

#### Íslendingar í netkönnun/símakönnun

Netkönnun meðal landsmanna 18-95 ára var framkvæmd af Félagsvísindastofnun HÍ fyrir RRF 20. apríl til 6. maí 2016. Þar var spurt um komur Íslendinga árið 2015 á eftirtalda staði: Flúðir, Árnes, Þjórsárdal, Hrauneyjar, nágrenni Heklu og að Galtalæk. Úrtakið var 1.500 manns, 18-95 ára, af landinu öllu. Fjöldi svarenda var 906 og svarhlutfall því 60%. Sjá niðurstöður í kafla 6.4. Þá byggir kort 2.2 m.a. á símakönnun RRF meðal landsmanna árið 2002 vegna ferða þeirra árið 2001.

#### Erlendir ferðamenn í Leifsstöð, *Dear Visitors* könnunin

*Dear Visitors* könnun RRF hefur verið framkvæmt meðal erlendra brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og nær stöðugt alla mánuði ársins frá janúar 2004 og til þessa dags. Í könnuninni

hefur meðal annars verið spurt um komur ferðamanna í Árnessýslu og Rangárvallasýslu og einnig að Landmannalaugum og Flúðum. Frá árinu 2014 hefur þar verið spurt um komur erlendra ferðamanna að hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum. Í tengslum umhverfismati fyrir Hvammsvirkjun var ákveðið að spyrja að komum að þremur stöðum til viðbótar, þ.e. Árnesi, Þjórsárdal og Heklu (nágrenni Heklu). Sú viðbót kom inn í mars 2016 og fengust 1.486 svör fram til ágúst það ár. Niðurstöðurnar koma fram í kafla 6.0. Kafli 3.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2015 byggir einnig á *Dear Visitors* könnun RRF og kort 2.2. o.fl. byggir á könnuninni árið 2001.

### **Íbúar og sumarhúsaeygndur - vettvangskönnun**

Vettvangskönnun meðal íbúa fór fram í apríl og maí 2016. Starfsfólk RRF fór með spurningalista á nær öll heimili í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi og á Skeiðum. Voru viðkomandi beðnir um að lesa texta og kynna sér kort og mynd af fyrirhugaðri virkjun áður en þeir svöruðu spurningunum (sjá viðauka 4 og 5). Sérspurningar voru þar fyrir aðila í ferðapjónustu. Komið var aftur síðar sama dag eða daginn eftir og svörin sótt. Allir 18 ára eldri áttu kost á þátttöku. Íbúaskrár hjá sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi og lágu til grundvallar við framkvæmdina.

Sama könnun meðal sumarhúsaeygnda nærri Þjórsá var að mestu framkvæmd um hvítasunnuhelgina vorið 2016 og þar notuð sama aðferðafræði og við framkvæmd íbúakönnunar. Var lögð áhersla á að ná til bústaðaeigenda með bústaði nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Þjórsá sem eru nær allir í Gnúpverjahreppi.

Könnunin meðal íbúa og sumarhúsaeygnda 2016 var að mestu samanburðarhæf við könnun meðal sömu aðila sumarið 2001 sem þá var gerð vegna Núpsvirkjunar.

Vorið 2016 fengust 414 svör frá íbúum á svæðinu og 71 meðal bústaðaeigenda; alls 485 svör. Svörun var um 90%. Niðurstöðurnar má sjá í kafla 7.0.

### **Erlendir og innlendir ferðamenn - vettvangskönnun**

Vettvangskönnun meðal erlendra og innlendra ferðamanna á nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar var framkvæmd af tveimur spyrjum í alls 7 daga á tímabilinu 12. júlí til 15. ágúst 2016. Fóru spyrjar þangað í þrjú skipti, 2-3 daga í senn. Fengust alls 471 svör; þar af 317 meðal erlendra ferðamanna (67%) en 154 meðal innlendra ferðamanna (33%). Flest svörin fengust á stöðum í Þjórsárdal (69%), þ.e. við Þjóðveldisbæinn, Hjáparfoss og Stöng en síðan í Árnesi (18%) og á tjaldsvæðinu í Sandártungu (12%). Einnig fengust nokkur svör við Gaukshöfða (1%).<sup>1</sup> Þátttakendur gátu valið um að svara könnuninni á íslensku, ensku, þýsku eða frönsku (sjá könnunina á íslensku í viðauka 6 og á ensku í viðauka 7).

Auk könnunarinnar fengu svarendur kort af nærsvæði áformaðrar Hvammsvirkjunar og tölvugerða mynd sem sýna átti virkjunarsvæðið að framkvæmdum loknum. Einnig fjögur pör af ljósmyndum sem sýndu útsýnið í átt að virkjunarsvæðinu frá stöðum við Þjórsárdalsveg með

---

<sup>1</sup> Áformað var að ná stærra hlutfalli svara í Árnesi en þar sem ekki fékkst leyfir til að framkvæma könnunina í eða við verslunina þar varð ekki úr því. Flest svörin í Árnesi fengust á tjaldsvæðinu.

samanburði við áætlað útsýni frá sömu stöðum að framkvæmdum loknum. Þar voru lónið og mannvirkin tölvugerð. Tökustaðirnir voru:

1. Niður eftir Þjórsá við afleggjarann að Minna-Núpi.
2. Upp eftir Þjórsá við afleggjarann að Minna-Núpi.
3. Niður eftir Þjórsá, skammt austan við afleggjarann að Fossnesi.
4. Niður eftir Þjórsá af toppi Gaukshöfða.

Þessi gögn voru lánuð svarendum í plöstuðu gormahefti í stærðinni A3 (sjá viðauka 8). Þurftu ferðamennirnir að kynna sér þau áður en svarað var.

### Fagfólk í ferðapjónustu

Könnun meðal fagfólks í ferðapjónustu fór fram á frá júní til september 2016 og fengust 30 svör. Af þeim voru 18 forsvarsmenn ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda, hópferðafyrirtækja, ferðafélaga og afþreyingarfyrirtækja. Einnig tóku 12 leiðsögumenn þátt í könnuninni en þeir voru með hópa ferðamanna í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar. Spurt var um tíðni ferða um svæðið, afstöðu til virkjunarframkvæmdanna o.fl. (sjá könnunina viðauka 9). Niðurstöðurnar má sjá í kafla 9.0

### 1.3 Úrvinnsla

Í könnun meðal íbúa og sumarhúsaeygenda er fyrst gerð grein fyrir afstöðu allra þátttakenda en síðan eru skoðanir eftirtalinnna hópa bornar saman þar sem við á:

- Kyn: *karl, kona*.
- Aldurshópar: *18-35 ára, 36-55 ára og eldri en 55 ára*.
- Menntun eftir grunnskóla: *< 4 ár, 4-8 ár og > 8 ár*.
- Búseta: *íbúar í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi, á Skeiðum og sumarhúsaeygendum í Gnúpverjahreppi (næst Þjórsá)*.
- Nálægð við Þjórsá: *Landeigendur að Þjórsá og þeir sem ekki eiga land að ánni*.


Við úrvinnslu á vettvangskönnun meðal ferðamanna í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar er áhersla lögð á að bera saman atferli og afstöðu erlendra og innlendra gesta. Svör við spurningum er snúa sjónrænum áhrifum Hvammsvirkjunar, áhrifum hennar á upplifun og komur á svæðið í framtíðinni eru einnig greind eftir kyni svarenda, aldurshópum, menntun og búsetu. Hjá erlendum gestum er miðað við átta markaðssvæði sem skilgreind eru í töflu 1.1.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Við úrvinnslu á könnun meðal fagfólks í ferðapjónustu er unnið úr svörum í heild án frekari greiningar.

## 2.0 Samantekt, reifun og niðurstaða



**Kort 2.1** Kortið sýnir mestallt láglendi þeirra fyrrum sjálfstæðu hreppa sem íbúakönnunin sumarið 2016 náði til. Sömulleiðis fyrirhugaða Hvammsvírkjun, lón, vegi og brú. Í skýrslunni er talað um íbúa Landsveitar, Holta, Gnúpverjahrepps og Skeiða.

Kort: Verkfræðistofan EFLA.

## 2.1 Samantekt


### Þróun í fjölda ferðamanna í nágrenni fyrirhugaðs virkjunarsvæðis 2001-2015

Áætlað er að 240-260 þúsund ferðamenn hafi farið um nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvírkjunar eða um jaðar þess árið 2015; þar af 140-160 þúsund erlendir ferðmenn (um 60%), 11-12% ferðamanna til Íslands, og um 100 þúsund Íslendingar (um 40%). Árið 2001, þegar rannsóknir RRF vegna umhverfismats á Núpsvírkjun fóru fram, var heildarfjöldi ferðamanna svæðinu hins vegar áætlaður nálægt 150 þúsund; þar af um 60 þúsund erlendir gestir (40%), um 20% af gestum til landsins, og 90 þúsund Íslendingar (60%).<sup>2</sup> Hlutföllin hafa því snúist við á þessum tíma, erlendum ferðamönnum í hag.<sup>3</sup>

<sup>2</sup> Nánar tiltekið var fjöldi erlendra ferðamanna á nærsvæðinu árið 2001 áætlaður 50-75 þúsund en 80-100 þúsund meðal innlendra ferðamanna. Hér eru settar fram miðgildistölur af áætlunum eða því sem næst. Hins vegar ber að varast að taka þessar tölulegu áætlanir bókstaflega þar sem byggt er á könnunum þar sem um veruleg fráviksmörk getur verið að ræða.

<sup>3</sup> Hér er miðað við fjölda einstaklinga en ekki heimsóknna. Algengara er að innlendir ferðamenn fari oft um svæðið árlega en erlendir gestir og heimsóknir þeirra því hærra hlutfall af heild en fjöldi einstaklinga segir til um. Út í þá sálma verður þó ekki farið nánar í þessari greinargerð.

Þannig er áætlað að erlendum ferðamönnum á svæðinu hafi fjölgað 2,5 falt (150%) frá 2001 til 2015. Á sama tímabili er áætlað að erlendum ferðamönnum til Íslands og einnig í Árnassýslu hafi fjölgað 4,3 falt og allt að 5,5 falt í Rangárvallasýslu. Jafnframt er áætlað að Íslendingum á svæðinu hafi aðeins fjölgað um 11% á þessu árabili, þó svo að þjóðinni hafi fjölgað um 16% á sama tíma.



**Kort 2.2** Kortið sýnir áætlaða fjölgun ferðamanna á nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á milli árunna 2001 og 2015 með samanburði við áætlaða fjölgun ferðamanna í Árnassýslu og Rangárvallasýslu á sama árabili. Jafnframt er sýnt áætlað hlutfall erlendra og innlendra gesta bæði árin. Þar sést vel hve hlutur Íslendinga hefur minnkað mikið á þessu 15 ára tímabili og mun meira í sýslunum en á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar.<sup>4 5</sup>

Uppsetning: RRF

Þannig hefur nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, þ.e. Gnúpverjahreppur og Landsveit, setið eftir hvað fjölgun ferðamanna snertir. Helst það í hendur við að lítil uppbygging hefur þar átt sér stað í ferðapjónustu á umræddu árabili miðað við önnur svæði skammt undan, s.s. í Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi og á Hellu. Þá hefur hlutfall erlendra ferðamanna sem leggja leið sína á hálandi landsins og staði þar, s.s. í Landmannalaugar, lækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Hefur það einnig áhrif á svæði eru nærri hálandisjaðrinum eins og hér um ræðir.

Í skýrslu RRF fyrir Landsvirkjun árið 2002 vegna umhverfismats á Núpsvirkjun var því spáð að árið 2020 myndu erlendir ferðamenn til Íslands ná því að verða 1 milljón. Að ákveðnum forsendum

<sup>4</sup> Tölur og hlutföll í kortinu byggja á Dear Visitors könnun RRF árin 2001 og 2015 hvað erlenda ferðamenn varðar. Þá er stuðst við símakönnun RRF meðal Íslendinga árið 2002 vegna ferða þeirra um landið árið 2001 (um 800 svör) og við netkönnun Félagsvísindastofnunar HÍ fyrir RRF meðal landsmanna vorið 2016 vegna ferðalaga þeirra árið 2015 (um 900 svör), gögn frá Ferðamálastofu o.fl.

<sup>5</sup> Hér er fjöldi gesta (einstaklinga) áætlaður en ekki fjöldi heimsóknna. Íslendingar koma margir oft á þessu svæði, einkum í Árnassýslu og einnig í Rangárvallasýslu og því er fjöldi heimsóknna þeirra margfalt meiri en fjöldi einstaklinga segir til um. Það er gott að hafa í huga.

gefnun var sett fram sú tilgáta að um 200 þúsund erlendir ferðamenn færu þá um nágrenni virkjunarsvæðisins, eða 20% af gestum til Íslands (sama hlutfall og 2001). Var þá m.a. miðað við að ný brú kæmi yfir Þjórsá í tengslum við Núpsvirkjun, gestastofa í Þjórsárdal myndi rísa (var á teikniborðinu) og að Hekluþjóðgarður kæmist á koppinn. Ekkert af þessu hefur orðið. Aukning ferðamanna til landsins hefur hins vegar orðið margfalt meiri en vænst var, einkum frá og með árinu 2011. Þannig komu tæplega 1,3 milljónir gesta til landsins með flugi og ferju árið 2015 en áætlað er að aðeins 11-12% þeirra hafi komið á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar eins og áður kom fram. Stefnt er í að ferðamenn til landsins með flugi og ferju verði um 1,8 milljón árið 2016 og 2,3-2,4 milljónir árið 2017.

Hvað komur Íslendinga varðar var tilgátan sú að árið 2020 yrðu Íslendingar á svæðinu 30-40% fleiri en árið 2001 (reiknað með 22% fjölgun landsmanna 2001-2020). Kannanir benda hins vegar til þess að aukningin hafi verið mjög hæg og að fjölgunin fram til ársins 2015 (11%) hafi ekki haldið í við fjölgun íbúa landsins.

### Mögulegur fjöldi ferðamanna árið 2030



*Nýja bílastæðið við þjónustumiðstöðina á Geysi. Á fjölförnu ferðamannastöðunum hefst vart undan að stækka bílastæðin, svo ör er vöxturinn í komum ferðamanna þangað. Flestir koma á bílaleigubílum.*

Um fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2030 er erfitt að spá en ljóst er að það þarf fljótlega að hægja vextinum til að innviðir brestu ekki (verður um 35% árið 2016). Sem dæmi má nefna að ef ferðamönnum til Íslands fjölga um 20% árið 2017 og um 10% á ári eftir það til ársins 2030 þá verða þeir yfir 7 milljónir það ár en landsmenn um 380 þúsund ef miðað er við 1% árlega fjölgun.

Ef af nýrri brú verður yfir Þjórsá ásamt uppbyggingu í Þjórsárdal og víðar á svæðinu er líklegt að nærsvæði virkjunarinnar geti a.m.k. haldið sínum hlut í komum erlendra (11-12%) og innlendra ferðamanna (32%) frá árinu 2015. Það myndi þá þýða að um 800 þúsund erlendir ferðamenn kæmu á svæðið árið 2030 og um 115 þúsund Íslendingar, eða alls yfir 900 þúsund gestir. Kalla má þetta meðalspá enda fjölmargir óvissuþættir í spilunum.

## **Ferðamannaseglar á nærsvæði fyrirhugaðs virkjunarsvæðis**

---

Þjórsárdalur er helsti ferðamannasegullinn á nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Aðsóknin að dalnum hefur verið að aukast talsvert á síðustu 1-2 árum með stíga- og pallagerð við Háafoss, Stöng og Hjálparfoss. Þá koma margir að Þjóðveldisbænum en þeim fjölgar þó hægt. Er áætlað að alls hafi 130-140 þúsund manns haft viðkomu á einhverjum af áður nefndum stöðum í Þjórsárdal árið 2015, nokkuð jafnt skipt á milli erlendra og innlendra gesta.

Þegar skoðaðar eru umferðartölur Vegagerðarinnar á Landvegi við Þingskálaveg árið 2015 (mynd 5.1) má lauslega áætla að það ár hafi 80-100 þúsund ferðamenn lagt leið sína að Heklurótum, flestir um Landveg, þó margfalt fleiri hafi séð eldfjallið vel s.s. frá Þjórsárdalsvegi, Skeiðavegi og Þjóðvegi 1. Hekla sjálf telst ekki vera á nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar en hins vegar má segja að Heklusvæðið sé það, a.m.k. að hluta, ef það er skilgreint allt að 10-15 km radíus frá fjallinu. Aðrir staðir sem allmargir skoða/skipta við á nærsvæði mögulegrar virkjunar eru Gaukshöfði, Búrfellsvirkjun/Búrfellsstofa, Heklusetið og Hótel Leirubakki í Landsveit, Þjórsárstofa og sundlaugin í Árnesi, verslunin og tjaldsvæðið þar, auk tjaldsvæðisins í Sandártungu. Þá eru nokkrir aðrir gististaðir á svæðinu en engin hótél. Galtalækur er á jaðri þess að geta talist til nærsvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar.

## **Útivist heimamanna nærri fyrirhuguðu virkjunarsvæði**

---

Um 35% íbúa á svæðinu, þ.e. í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi og á Skeiðum, og 56% sumarhúseigenda í Gnúpverjahreppi sem svöruðu könnuninni vorið 2016 kváðust oft nota nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar til útivistar að sumarlagi. Þá nýttu 15% íbúa og 22% sumarhúsafólks svæðið til útivistar utan sumars. Nær helmingur nýtti svæðið ekkert til útivistar að vetri til og fjórðungur ekki að sumarlagi.

Um 29% fóru oft ríðandi um nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, 25% fóru þar oft um í gönguferðum, 12% stunduðu oft veiði en aðeins 1-2% fóru oft um á vélsleðum eða skiðum. Sumarhúsafólk stundaði helst stangveiði en síst útreiðar. Gnúpverjar stunduðu helst í útreiðar. Þeir sem eiga land að Þjórsá stunduðu allar tegundir útivistar meira en þeir sem ekki eiga land að ánni. Mestu munar þegar kemur að veiði og gönguferðum.

## **Áhrif Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu, útivist og samfélag að mati heimamanna**

---

Mikill meirihluti íbúa og sumarhúsaeigenda sem afstöðu tóku í könnuninni 2016 töldu að Hvammsvirkjun myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til skamms tíma (86%) og á samgöngur (80%), vegna mögulegrar brúar neðan virkjunar. Talsverður meirihluti taldi að framkvæmdirnar myndu hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til frambúðar (57%) og helmingur að þær hefðu jákvæð áhrif á verslun og ferðapjónustu á svæðinu (49-51%). Þá töldu 42% að framkvæmdir í tengslum við Hvammsvirkjun hefðu jákvæð áhrif á verð á fasteignum. Hins vegar voru skiptar skoðanir á því hvort áhrif á útivist yrðu jákvæð (34%), engin (30%) eða neikvæð (36%). Þá álitu 42% þeirra sem afstöðu tóku að Hvammsvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á landbúnað í nágrenninu og 58% að

hún hefði neikvæð áhrif á veiði í Þjórsá. Karlar voru jákvæðari til framkvæmdanna en konur og eldra fólk mun jákvæðara en það yngsta (18-35 ára).

Íbúar í Landsveit voru jákvæðastir þeirra sem bjuggu á svæðunum fjórum (Landsveit, Holt, Gnúpverjahreppur og Skeið) en Gnúpverjar neikvæðastir. Sumarhúsaeigendur voru þó neikvæðastir hópanna í könnuninni. Þeir sem ekki eiga land að Þjórsá voru jákvæðari til áhrifa virkjunarinnar en landeigendur við ána. Er þetta svipaðar niðurstöður og við sömu spurningu í könnun RRF vegna Núpsvirkjunar árið 2001.


## Afstaða til fullyrðinga um Hvammsvirkjun og vatnsaflsvirkjanir

Auk íbúa á fjórum svæðum og sumarhúsaeigenda í Gnúpverjahreppi tóku innlendir og erlendir ferðamenn og fagfólk í ferðapjónustu afstöðu til fullyrðingarinnar:

- *Hvammsvirkjun og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu fara vel saman.*

Ef einungis eru skoðaðir þeir sem voru sammála eða ósammála fullyrðingunni og allir settir í einn pott er skiptingin nánast jöfn. En munur á hópunum er mikill þegar nánar er að gætt. Íbúar í Landsveit og síðan í Holtum voru helst sammála en fremur fáir ósammála fullyrðingunni. Íbúar í Gnúpverjahreppi voru klofnir í afstöðu sinni en Skeiðamenn helst ósammála. Þá voru margfalt fleiri meðal fagfólks í ferðapjónustu og sumarhúsaeigenda ósammála fullyrðingunni en sammála. Ferðamenn voru hins vegar klofnir í afstöðu sinni. Á bilinu 15 til 36% svarenda lýstu sig hlutlaus til málsins, flestir meðal íbúa í Landsveit og Holtum og meðal innlendra ferðamanna en fæstir meðal íbúa í Gnúpverjahreppi.

**Mynd 2.1 Hvammsvirkjun og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu fara vel saman**




Auk íbúa á svæðunum fjórum og sumarhúsaeigenda í Gnúpverjahreppi tók fagfólk í ferðapjónustu afstöðu til fullyrðinganna:

- *Hvammsvirkjun mun hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.*
- *Það er rétt að nýta vatnsaflíð í Þjórsá til raforkuframleiðslu.*
- *Hvammsvirkjun verður til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu.*




Ef einungis er litið til þeirra sem afstöðu tóku (voru ekki hlutlausir) þá voru rúmlega tvöfalt fleiri ósammála þeirri fullyrðingu en sammála að Hvammsvirkjun myndi hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Íbúar í Landsveit og Holtum voru klofnir afstöðu sinni til fullyrðingarinnar, heldur fleirir Gnúpverjar ósammála en sammála en mikill meirihluti Skeiðamanna. Á bilinu 5 til 7 falt fleiri sumarhúseigendur og svarendur meðal fagfólks í ferðapjónustu voru ósammála þessari staðhæfingu en sammála. Mikil meirihluti þeirra taldi því að Hvammsvirkjum myndi ekki hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Á bilinu 16 til 42% svarenda voru hlutlausir, flestir meðal íbúa í Holtum.

**Mynd 2.2 Hvammsvirkjun mun hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn**




Af þeim sem tóku afstöðu til þess hvort rétt væri að nýta vatnsaflíð í Þjórsá til raforkuframleiðslu voru talsvert fleiri því sammála en ósammála. Gildir það t.d. um íbúa svæðanna nema á Skeiðum þar sem mun fleiri voru ósammála því en sammála. Þá voru tvöfalt fleiri sumarhúseigendur ósammála fullyrðingunni en sammála og mikill meirihluti fagfólks í ferðapjónustu. Þá tóku 8-19% svarenda ekki afstöðu til fullyrðingarinnar.

**Mynd 2.3 Það er rétt að nýta vatnsaflíð í neðri hluta Þjórsár til raforkuframleiðslu**



Af þeim sem tóku afstöðu til þess hvort Hvammsvirkjun (bæði virkjun og ný brú) yrði til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu voru um 50% fleiri sammála því en ósammála. Gildir það t.d. um íbúa allra svæðanna. Fagfólk í ferðapjónustu var klofið í afstöðu sinni en rúmlega tvöfalt fleiri sumarhúseigendur ósammála fullyrðingunni en sammála.

**Mynd 2.4 Hvammsvirkjun verður til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu**




Þær tvær fullyrðingar um vatnsaflsvirkjanir sem hér fara á eftir voru lagðar fyrir ferðamenn á svæðinu í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sumarið 2016.

- *Vatnsaflsvirkjanir gera landslag síðra.*
- *Ég vil frekar sjá vatnsaflsvirkjanir á láglendi en í óbyggðum á hálendi.*

Um fimm sinnum fleiri erlendir ferðamenn og þrisvar sinnum fleiri Íslendingar voru því sammála en ósammála að vatnsaflsvirkjanir gerðu landslag síðra. Þá voru erlendir ferðamenn talsvert hlynntari því að staðsetja vatnsaflsvirkjanir á láglendi en í óbyggðum á hálendi en Íslendingar ívið frekar á þeirri skoðun að betra væri að hafa virkjanirnar í óbyggðunum.

**Mynd 2.5 Afstaða ferðamanna til fullyrðinga um vatnsaflsvirkjanir**




### Áhrif einstakra þátta Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu og útivist

Auk íbúa á svæðunum fjórum og sumarhúsaeigenda í Gnúpverjahreppi tók fagfólk í ferðapjónustu afstöðu til mögulegra áhrifa þriggja þátta Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu og útivist í nágrenninu. Þeir þættir voru stífla/stíflugarðar, inntakslón og breytt/minnkað rennsli Þjórsár.

Af þeim sem tóku skýra afstöðu til líklegra áhrifa stíflu/stíflugarða á ferðapjónustu og útivist töldu 2,5 sinnum fleiri þau yrðu neikvæð en jákvæð. Íbúar í Landsveit voru jákvæðastir, íbúar í Holtum


klofnir en Gnúpverjar fremur neikvæðir. Þá voru 5 til 8 sinnum fleiri Skeiðamenn, sumarhúsa- eigendur í Gnúpverjahreppi og svarendur meðal fagfólks í ferðþjónustu neikvæðir en jákvæðir til áhrifa stíflu/stíflugarða Hvammsvirkjunar. Á bilinu 19 til 45% voru svarenda hlutlausir, flestir meðal íbúa í Landsveit en fæstir meðal sumarhúsaeigenda.

**Mynd 2.6** Ætluð áhrif af stíflu/stíflugörðum Hvammsvirkjunar á ferðþjónustu og útivist



Af þeim sem tóku skýra afstöðu til áhrifa inntakslóns Hvammsvirkjunar á ferðþjónustu og útivist töldu að jafnaði 3,5 sinnum fleiri að þau yrðu neikvæð en jákvæð. Þó töldu nær þrefalt fleiri íbúar í Landsveit að áhrifin yrðu jákvæð en rúmlega tvöfalt fleiri Holtamenn og Gnúpverjar að þau yrðu neikvæð. Þá töldu yfir þrisvar sinnum fleiri meðal fagfólks í ferðþjónustu að áhrif lónsins yrðu neikvæð en jákvæð og nær sex sinnum fleiri meðal íbúa á Skeiðum. Nær allir sumarhúsaeigendur sem skýra afstöðu tóku töldu að lónið myndi hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðþjónustu á svæðinu. Margir voru hlutlausir til líklegra áhrifa lónsins, eða 25-56%, þar af flestir meðal íbúa í Landsveit og Holtum en fæstir meðal sumarhúsaeigenda.

**Mynd 2.7** Ætluð áhrif af inntakslóni Hvammsvirkjunar á ferðþjónustu og útivist




Af þeim sem tóku skýra afstöðu til líklegra áhrifa af breyttu/minnkuðu rennsli Þjórsár á ferðþjónustu og útivist töldu um sex sinnum fleiri að áhrifin yrðu neikvæð en jákvæð. Þar af um

þrefalt fleiri íbúar í Landsveit, fjórfalt í Holtum, fimmfalt í Gnúpverahreppi, sexfalt á Skeiðum, nær allir fagaðilar í ferðapjónustu og allir sumarhúsaeygendur sem afstöðu tóku. Þannig má fullyrða að breytt/minnkað rennsli Þjórsár sé það sem íbúum, sumarhúsaeygendum og fagaðilum í ferðapjónustu lítist verst á varðandi fyrirhugaða Hvammsvirkjun. Þó voru 21-43% svarenda hlutlausir í málinu, flestir meðal íbúa í Holtum og Landsveit en fæstir meðal sumarhúsaeygenda.

Mynd 2.8

Ætluð áhrif af breyttu/minnkuðu rennsli Þjórsár á ferðapjónustu og útivist




Afstaða Hvammsvirkjunnar í heild

Auk íbúa á svæðunum fjórum og sumarhúsaeygenda tók fagfólk í ferðapjónustu afstöðu til Hvammsvirkjunnar í heild. Sex sinnum fleiri íbúar í Landsveit voru jákvæðir en neikvæðir til virkjunarinnar, rúmlega þrefalt fleiri íbúar í Holtum og nokkur meirihluti í Gnúpverjahreppi. Hins vegar voru mun fleiri Skeiðamenn neikvæðir en jákvæðir til Hvammsvirkjunnar, nær tvöfalt fleiri neikvæðir meðal fagfólks í ferðapjónustu og 2,5 sinnum fleiri meðal sumarhúsaeygenda. Þá voru á bilinu 10 til 33% svarenda hlutlausir til virkjunarinnar, flestir meðal fagfólks í ferðapjónustu en fæstir meðal sumarhúsaeygenda og íbúa á Skeiðum.

Mynd 2.9


Afstaða til Hvammsvirkjunnar í heild



## Áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun ferðamanna af sveitunum í kring

Rúmlega helmingur innlendra og erlendra ferðamanna töldu að Hvammsvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra af sveitunum í kring. Margir töldu að áhrifin yrðu engin en mjög fáir að virkjunin myndi hafa jákvæð áhrif á upplifun þeirra af nærsvæðinu. Fagfólkið var alveg í takti við skoðanir erlendra ferðamanna. Virkjunin mun samkvæmt þessu hafa einhver neikvæð áhrif á um eða yfir helming þeirra sem fara um svæðið sem ferðamenn.


**Mynd 2.10** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun ferðamanna af sveitunum í kring



## Sjónræn áhrif Hvammsvirkjunar að mati ferðamanna

Um tveir af hverjum þremur ferðamönnum sumarið 2016, bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna, álitu að sjónræn áhrif af Hvammsvirkjun yrðu neikvæð en um fjórðungur að þau yrðu engin. 12% Íslendinga álitu að sjónrænu áhrifin yrðu jákvæð en 3% erlendu ferðamanna.


**Mynd 2.11** Ætluð sjónræn áhrif af Hvammsvirkjun



## Áhrif Hvammsvirkjunar á komur ferðamanna

38% Íslendinga og 22% erlendra gesta töldu að þeir myndu síður koma á svæðið í framtíðinni ef af Hvammsvirkjun yrði. Hins vegar töldu 9% Íslendinga og 15% erlendra gesta að þeir myndu frekar koma. 63% erlendra gesta og 53% Íslendinga álitu að Hvammsvirkjun myndi engin áhrif hafa á komur þeirra. Samkvæmt þessu gæti Hvammsvirkjun haft meiri neikvæð áhrif á komur Íslendinga en á erlenda ferðamenn þó reynslan sýni að eitt er að segja og annað að framkvæma.

**Mynd 2.12** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á komur á svæðið




## Áhrif nýrrar brúar yfir Þjórsá

Auk íbúa á svæðunum fjórum og sumarhúsaeygenda í Gnúpverjahreppi tók fagfólk í ferðaþjónustu afstöðu til áhrifa af nýrri brú yfir Þjórsá á ferðaþjónustu og útivist í nágrenninu sem áformað er að byggja um 8 km neðan við Hvammsvirkjun.

Það var yfirgnæfandi skoðun allra hópanna að brúin myndi hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu, um 88% allra íbúa, 76% fagfólks og 74% sumarhúsaeygenda. Þessi afstaða kemur ekki á óvart þar sem bættar samgöngur sem felast í mikilli styttingu á ferðaleiðum á milli svæða mælast oft vel fyrir, þó það sé ekki algilt. Auk þess hefur lengi verið beðið eftir brú á þessum slóðum. Nú er einungis ein brú á Þjórsá í byggð. Til samanburðar má nefna að fjórar brýr eru yfir Hvítá/Ölfusá í byggð (þar af tvær eftir að Hvítá sameinast Soginu í Ölfusá).

**Mynd 2.13** Áhrif mögulegrar brúar á ferðaþjónustu á svæðinu



Auk þess töldu 68% þeirra sem stunduðu einhverja ferðaþjónustu á svæðinu að ný brú myndi hafa jákvæð áhrif á starfsemi þeirra, 25% að hún myndi engin áhrif hafa og 7% að þau yrðu neikvæð.

Þá álitu 82% íbúa á svæðunum fjórum að brúin myndi hafa jákvæð áhrif á félagslíf og atvinnulíf á svæðinu (73-74% sumarhúsaeygenda) og 77% að hún myndi hafa jákvæð áhrif verslun og viðskipti (en 65% sumarhúsaeygenda). Afar fáir (0-5%) töldu að ný brú myndi hafa neikvæð áhrif á þessa þætti og þar af engir íbúar í Landsveit eða Holtum.

Ljóst er að ný brú yfir Þjórsá mun fjölga hringleiðum á svæðinu og þar með möguleikum ferðamanna og þeirra sem skipuleggja ferðir.

## 2.2 Reifun, niðurstaða og mótvægisáðgerðir

---

### Reifun

---

Líklega eru flestir sammála um það að leiðin eftir góðum vegi upp með Þjórsá frá Núpsfjalli, meðfram Hagafjalli og upp í Þjórsárdal sé mjög falleg og einstök á sinn hátt á hvaða árstíma sem er, einkum þegar útsýni er gott. Návígið við Þjórsá er mikið en um leið við fjöll á vinstri hönd. Þaðan sést vel að Búrfelli og yfir Þjórsá og til Heklu, frægasta eldfjalls á Íslandi. Að sumarlagi eru litbrigði náttúrunnar á þessu svæði afar fjölbreytt; Þjórsár brúnleit, eyrarnar gráar, fjöllin og klettar dökkir, sveitir og skógar grænir, Heklutindur oftast hvítur og himininn blár. Í Þjórsárdal, á mörkum láglandis og hálendis, ríkir síðan sérstök stemning mest í litum hrauns og sanda en með gróðurvinjum á milli.

Leiðin upp Landsveit er einnig falleg og sérstök. Þar er landslag fjölbreytt á annan hátt en við Þjórsárdalsveg. Fremur sléttlent er sunnan til í Landsveitinni en yfir gnæfir Hekla og er næstum ápreifanleg. Víða er gróðursælt og ofan til kjarr og skóglendi en einnig víða fallett hraunlandslag. Hér spilar Þjórsá hins vegar enga rullu í upplifun fólks enda ekki sýnileg frá Landvegi á þeim kafla sem rask verður af mögulegri Hvammsvirkjun. Landeigendur hafa hins vegar meira af henni að segja, en þó takmarkað, þar sem engin tún eru nærri bökkum hennar Landsveitarmegin.

Stífla Hvammsvirkjunar mun þvera Þjórsá í Landi Hvamms og við Stóra-Núp. Við það mun myndast 4 km<sup>2</sup> uppistöðulón, Hagalón, í farvegi árinna þar sem eyrar, hólmar og núverandi bakkar hennar munu fara á kaf að mestu leyti. Vatnsborð mun hækka um allt að 11 m næst stíflunni en minna eftir því sem ofar dregur og endar lónið við Yrjasker. Stíflugarðar verða upp með bökkum lónsins, einkum að Landasveitarmegin, en nýr uppbyggður vegur kemur á um 7 km kafla norðan lóns og þverar það að hluta á mót við Fossnes. Neðan við virkjun verður Þjórsá veitt um 1,2 km jarðgöng og síðan 2 km frárennisskurð í landi Hvamms sem endar neðan við Ölmóðsey. Með virkjun skerðist rennsli á um 2,7 km kafla frá Hvammsstíflu ofan við Minnanúpshólma og suður fyrir Ölmóðsey. Miðað er við að rennsli Þjórsár sem nú er að jafnaði um 330 m<sup>3</sup>/s verði þar að lágmarki 10 m<sup>3</sup>/s utan sumartíma, um 3% af núverandi rennsli, en á bilinu 40-150 m<sup>3</sup>/s að vor-og sumarlagi. Við það mun hluti af núverandi árfarvegi á þessum kafla verða sýnlegur góðan hluta ársins. Þannig munu framkvæmdirnar hafa mikil áhrif á farveg Þjórsár, bakka og hólma á frá efri mörkum lóns og niður fyrir Ölmóðsey. Í tengslum við virkjunina er áformað að byggja nýja brú yfir Þjórsá um 8 km neðan við virkjunina, sunnan við Árnes og nærri Flagbjarnarholti í Holtum, rétt ofan við fossinn Búða. Að henni verða lagðir uppbyggðir vegir, alls um 6 km. Þá verður lagður nýr 4,6 km vegur vestan Skarðsfjalls frá bænum Hvammi í Landsveit að virkjun og tengivirki. Sá vegur verður ekki opinn almennri umferð.

Með tilkomu Hvammsvirkjunar og uppistöðulóns hennar í mynni Þjórsárdals, stíflu, stíflugörðum og minnkuðu rennsli Þjórsár neðan stíflu verða talsverðar breytingar á landslagsupplifun ferðamanna sem leið eiga um virkjunarsvæðið, sem og á upplifun og íbúa og sumarhúsaeigenda sem nú njóta útsýnis yfir fyrirhugað áhrifasvæði og útivistar þar. Í stað iðandi fljóts ofan virkjunar kemur kyrrt uppistöðulón. Það mun þó líklega ekki hafa teljandi áhrif á ferðamenn sem eiga leið

um en talsverð á útivist íbúa og sumarhúsaeigenda í Gnúpverjahreppi sem næst eru og óveruleg áhrif á íbúa og sumarhúsaeigendur í Landsveit.

Samkvæmt könnuninni vorið 2016 snúa áhyggjur meirihluta íbúa, einkum á Skeiðum og í Gnúpverjahreppi, helst að ætluðum neikvæðum áhrifum stíflunnar á veiði í Þjórsá ofan stíflu, göngur laxfiska þangað (lax, sjóbirtingur, urriði og bleikja) og seiða til baka.

Þá telja margir heimamenn að virkjunin muni hafa neikvæð áhrif á landbúnað/landýtingu (42%), helst íbúar í Gnúpverjahreppi þar sem mest land fer undir vatn en síst í Landsveit. Þó er Landsvirkjun þegar búin að semja við alla landeigendur og grædd hafa verið upp lítt gróin svæði í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

Í könnun meðal ferðamanna á svæðinu nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sumarið 2016 taldi rúmlega helmingur bæði erlendra og innlendra gesta að Hvammsvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra af sveitunum í kring og um tveir þriðju að hún myndi hafa neikvæð sjónræn áhrif. Hins vegar taldi mikill meirihluti erlendra gesta að þeir myndu koma á svæðið þó af virkjun yrði en 38% Íslendinga töldu að þeir myndu síður koma.

Kannanir sýna að ferðamenn koma helst til Íslands til að upplifa fjölbreytta íslenska náttúru. Yfir 80% sumargesta en nokkru lægra hlutfall vetrargesta nefna það sem eina af meginástæðum heimsóknar.<sup>6</sup> Þeir sækja því margir í staði og svæði þar sem náttúran leikur lausum hala. Þannig eru Geysissvæðið (Strokkur) og Gullfoss enn mest sóttu náttúruperlurnar og síðan Þingvellir. Skógafoss og Seljalandsfoss hafa síðan sótt mjög í sig veðrið á síðustu árum og einnig Jökulsárlón, Skaftafell og fleiri staðir með Suðurströndinni. Ýmsar vettvangskannanir hafa því sýnt að erlendir ferðamenn eru fremur viðkvæmir fyrir staðbundnu raski á náttúrunni af manna völdum er tengjast virkjunum eða háspennulögnum þegar þeir hafa myndir og kort fyrir framan sig af fyrirhuguðum framkvæmdum. Á það einkum við um lagningu háspennulína sem skera sjónlínur en einnig aðra þætti, svo sem minnkað/breytt rennsli vatnsfalla. Á hinn bóginn sýna niðurstöður nýlegra kannana meðal erlendra brottfarargesta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að mikill meirihluti þeirra er jákvæður til nýtingar á gufuafl, vatnsorku og vindorku á Íslandi. Einnig að sjónræn áhrif virkjana á upplifun þeirra séu fremur lítil og ekki veruleg af háspennulínunum nema á 15-20% svarenda.<sup>7</sup> Áhugavert er að framkvæma frekari rannsóknir á þessu sviði meðal ferðamanna.

Áform um nýja brú yfir Þjórsá neðan við fyrirhugaða Hvammsvirkjunar og í tengslum við uppbyggingu hennar nýtur almenns stuðnings íbúa á svæðunum fjórum (í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi og á Skeiðum) og einnig meðal sumarhúsaeigenda í Gnúpverjahreppi og fagfólks í ferðapjónustu. Heimamenn telja að brúin muni hafa jákvæð áhrif ferðapjónustu, félagslíf íbúa, atvinnulíf og verslun. Þó heyrast þær raddir nokkuð meðal íbúa og sumarhúsaeigenda að brú á þessum slóðum ætti ekki að tengjast Hvammsvirkjun heldur vera hluti af tímabærum úrbótum Vegagerðarinnar í samgöngumálum á svæðinu (sjá viðauka 1, bls. 3).

<sup>6</sup> Heimildir: Dear Visitors könnun RRF, kannanir Ferðamálastofu o.fl..

<sup>7</sup> Heimildir: Kannanir Gallup og RRF meðal brottfarargesta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar 2016.



## **Niðurstaða**

---

Helstu neikvæðu áhrif Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu og útivist verða á svæðinu upp með Þjórsárdalsvegi, frá virkjun og upp fyrir Yrjasker, einkum vegna sjónrænna áhrifa og aukinnar manngerðar svæðisins (stífa, stíflugarðar og lón). Þá er talið að Hvammsvirkjun muni hafa nokkur neikvæð áhrif á upplifun ferðmanna af sveitunum í kring.

Mestu staðbundnu áhrifin verða á íbúa og á sumarhúsaeygndur í Gnúpverjahreppi næst virkjun þar sem útsýni mun breytast og land fara undir vatn. Áhrif á þennan hóp verða töluvert neikvæð, þ.e. á þær jarðir í Gnúpverjahreppi og sumarhús sem nú njóta útsýnis yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði og nokkuð neikvæð fyrir þá sem njóta útivistar á svæðinu næst virkjun en óverulega neikvæð á aðra íbúa og sumarhúsaeygndur.

Auk sjónrænna áhrifa felast áhrif á útivist mest á gönguferðir (einkum sumarhúsaeygndur) og útreiðar (mest íbúar Gnúpverjahrepps, en einnig aðrir íbúar svæðanna). Þá má gera ráð fyrir því að ónáði á framkvæmdatíma muni einnig hafa einhver áhrif á útivist þessara aðila. Til mótvægis við áhrif á gönguleiðir og útreiðar verða stígar og reiðleiðir lagfærðar í samráði við íbúa.

Hvað áhrif á veiði varðar koma fram efasemdir meðal heimamanna og sumarhúsaeygnda um að mótvægisáðgerðir og fyrirhugað lágmarksrennsli dugi til að tryggja göngu laxfiska upp fyrir stífu Hvammsvirkjunar og áfallalitle niðurgöngu seiða (sjá viðauka 1, bls. 2 og 6). Þá telja margir að áhrif virkjunar á veiði verði neikvæð (sbr. mynd 7.8). Út frá þessum niðurstöðum eru áhrif Hvammsvirkjunar á veiði metin fremur óviss.

Ekki er líklegt að ferðamönnum á svæðinu muni fækka að ráði þrátt fyrir að Hvammsvirkjun verði að veruleika. Um 22% erlendra gesta og 38% Íslendinga á svæðinu töldu að þeir myndu síður koma þangað í framtíðinni ef af Hvammsvirkjun yrði. Hins vegar töldu 15% erlendra gesta og 9% Íslendinga að þeir myndu frekar koma. 63% erlendra gesta og 53% Íslendinga álitu að Hvammsvirkjun myndi engin áhrif hafa á komur þeirra.

Samhliða virkjun mun lagður vegur og byggð ný brú yfir Þjórsá neðan Hvammsvirkjunar. Miklar líkur eru á að þessi framkvæmd muni stuðla að umtalsverðri fjölgun ferðamanna á svæðinu beggja vegna Þjórsár, verulega umfram mögulega fækkun vegna áhrifa af virkjuninni sem slíkri. Með tilkomu nýrrar brúar verður t.d. raunhæft að skipuleggja dagsferð frá Reykjavík um Þingvöll, Geysi, Gullfoss, í Þjórsárdal og að Heklu. Auk þess fleiri styttri hringleiðir. Þá styttist í að efsti hluti Landvegur verði allur slitlagður. Verður þetta tvennt mikil breyting fyrir mögulega uppbyggingu ferðapjónustu í Landsveit og einnig í Holtum. Áhrif nýrrar brúar neðan Hvammsvirkjunar eru metin verulega jákvæð fyrir ferðapjónustu svæðinu og talsvert jákvæð fyrir útivist. Þau eru einnig metin talsvert jákvæð fyrir atvinnulíf, félagslíf og verslun á svæðinu.

Líklegt má telja að framkvæmdir við Hvammsvirkjun muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf í næsta nágrenni að því gefnu að undirverktakar á svæðinu og aðrir heimamenn fái þar vinnu. Verslun á svæðinu, s.s. í Árnesi, á Flúðum og á Hellu, mun að öllum líkindum njóta góðs af viðskiptum á framkvæmdatímanum. Sömu sögu er að segja um aðra þjónustu, s.s. vélaverkstæði, sundlaugar,

veitingastaði o.fl. Áhrif Hvammsvirkjunar á atvinnulíf til lengri tíma verða óverulega jákvæð eða engin þar sem gert er ráð fyrir að stöðin verði mannlaus nema þegar viðhalds eða eftirlits er þörf.

Að öllu samanlögðu, mannvirkjum Hvammsvirkjunar og nýrri brú á Þjórsá, eru áhrifin af fyrirhuguðum framkvæmdum metin talsvert jákvæð á ferðaþjónustu á svæðinu sem kort 2.1 nær yfir en óverulega jákvæð á útivist samkvæmt skilgreiningum á vægiseinkunn áhrifa í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.

#### **Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Viðhorf heimamanna hafa lítið breyst. Eins og nú (2016) voru Gnúpverjar og sumarhúsaeigendur helst neikvæðir til framkvæmdanna en búar í Landsveit og Holtum mun jákvæðari. Íbúar á Skeiðum voru ekki spurðir um Núpsvirkjun árið 2001 (heldur um Urriðafossvirkjun). Sumarhúsaeigendur nú voru heldur eindregnari í andstöðu sinni en árið 2001 sem skýrist að hluta af því að nú var lögð meiri áhersla að ná til aðila næst framkvæmdasvæðinu. Afstaða ferðamanna og fagfólks í ferðaþjónustu til fyrirhugaðra framkvæmda hefur heldur ekki breyst umtalsvert frá árinu 2001.

#### **Mótvægisáðgerðir**

---

Mótvægisáðgerðir til að milda neikvæð áhrif af Hvammsvirkjun á ferðaþjónustu og útivist gætu m.a. falist í því að styðja við bakið á aukinni markaðssetningu og kynningu á núverandi ferðaþjónustu og skoðunarverðum stöðum í nágrenninu, s.s. í Þjórsárdal og á Heklusvæðinu.

Brýnt er að skipuleggja Þjórsárdal til frambúðar enda er hann allt í senn jarðsögu-, menningar- og náttúruperla sem má nýta á sjálfbæran hátt í ferðaþjónustu og útivist sé nægu fjármagni veitt til að undirbúa komur ferðamanna. Þannig er m.a. aðkallandi að bæta alla umgjörð um hina merku rústir á Stöng þannig að þeim sé sómi sýndur og jafnframt fræða gesti um aðra bæi í dalnum sem Hekla eyddi árið 1104. Yrði það góð viðbót við ágæta fræðslu í Þjórsárstofu í Árnesi en gæti verið öðruvísi og áhrifameiri á staðnum/svæðinu þar náttúruöflin léku lausum hala. Í ljósi mikils vaxtar í ferðaþjónustu má telja líklegt að finna megi fjárfesta sem sýna uppbyggingu í Þjórsárdal áhuga.

Frekari uppbyggingu reiðleiða og gönguleiða í nágrenninu má einnig skoða sem mótvægisáðgerð. Þar með að gert sé ráð fyrir að hestamenn geti farið yfir nýja brú á Þjórsá. Þá gæti það talist mótvægisáðgerð hjá Landsvirkjun að fá áhugasaman einkaaðila að rekstri Þjóðveldisbæjarins með því skilyrði að lengja opnunartíma og skapa aukið líf. Má benda á að 30-40% erlendra ferðamanna telja það eina af ástæðum Íslandsheimsóknar að kynnast sögu og menningu þjóðarinnar og nálægt 60% þeirra heimsækir sögustaði í ferðum um landið.


Snyrtileg umgengni við virkjanir er mikilvæg og að útlínur og form mannvirkja falli sem best að landi. Þá má líta á listaverk á stöðvarhúsum, kynningar á starfsemi virkjana o.fl. sem mótvægisáðgerðir. Hvatt til að Landsvirkjun hugi vel að slíkum þáttum ef af Hvammsvirkjun verður.

### 3.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2015

#### 3.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en 2011-2015 hefur verið einstaklega mikil fjölgun (20-30% á ári). Niðurstaðan er sú að erlendum ferðamönnum til Íslands með flugi og ferju 2004-2015,

**Mynd 3.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands 2004-15**  
ferðamenn með flugi og ferju



fjölgaði úr 362 þúsund í nálægt 1.289 þúsund (3,6 földun), sem jafngildir rúmlega 12% árlegri fjölgun á þessu 12 ára tímabili.

Helstu ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 eru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum.

Hina miklu aukningu síðustu fjögur árin má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2015 um 59% gesta til landsins en sumargestir 41%.


Gistinætur erlendra ferðamanna hafa lengi verið um helmingi fleiri að sumri en utan þess, þar sem meðaldvöl sumargesta hefur verið nálægt 10 nóttum en vetrargesta um 5 nætur. Þar hefur þó verulega dregið saman síðustu 2-3 ár, einkum vegna meiri fjölgunar vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta lítillaga verið að stytast og var t.d. tæplega 9 nætur að jafnaði sumarið 2015 samkvæmt könnunum RRF. Þannig má áætla að árið 2015 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi verið um 8,7 milljónir talsins; þar af um 54% yfir sumarmánuðina en 46% hina níu mánuði ársins (öll gisting meðtalin).

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Hins vegar koma Bretar fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) verið

fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 hafa ferðamenn frá N-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða blandað sér í toppbaráttuna og sumarið 2015 voru gestir frá N-Ameríku áberandi fjölmennastir gesta frá einstökum markaðssvæðum. Þá koma ferða-menn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) einnig meira til Íslands að sumarlagi en utan þess. Gestir frá Suður-Evrópu og Mið-Evrópu koma hins vegar mun minna að vetrarlagi. Gestir frá N-Ameríku eru hins vegar á móta fjölmennir að sumri og utan þess, svo sem sést betur á myndum 3.2-3.3.


### Myndir 3.2-3.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum

farþegar með flugi og ferju, sumur og vetur 2004-2015<sup>8</sup>



Sumarið 2015 voru um 24% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 18% frá Mið-Evrópu (mest Þjóðverjar), 14% frá Suður-Evrópu, 13% frá Norðurlöndunum, 8% frá Bretlandseyjum/Írlandi, 4% frá Benelux löndunum (mest Hollend-ingar) og 19% komu annars staðar frá. Utan sumars 2015 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru Bretar fjölmennastir (26%) en síðan gestir frá Norður-Ameríku og utan helstu markaðssvæða. Þá komu Norðurlandabúar (13%), gestir frá Mið-Evrópu (10%), Suður-Evrópu (7%) og loks Benelux löndunum (3%).


### Mynd 3.4 Skipting erlendra gesta á Íslandi 2015 eftir markaðssvæðum



<sup>8</sup> Heimildir: Tölur frá Ferðamálastofu um brottfararfarþega í Leifsstöð, Austfari (Norræna) og ISAVIA.


### 3.2 Ferðamáti og farartæki

**Mynd 3.5 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2015**



um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2015 sögðust 16% svarenda vera í "self drive" ferð, 71% á eigin vegum og 13% í skipulagðri hópferð.

**Mynd 3.6 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2015**




Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við mikla aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2015 nýttu 56% sér hins vegar bílaleigubíl í ferðum um Ísland, 29% hópferðabíl (allmargir í dagsferðum frá Reykjavík) og 16% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænufarþegar), á bílum vina/ættingja á Ísland eða hjóla um landið.

Þá nýttu um 39% gesta utan sumartíma 2015 sér bílaleigubíl (jan.-maí og sept.-des.) en 26% utan sumars 2008. Mun fleiri nota eitthvað hópferðabíla að vetri (um helmingur gesta) en sumri, enda fara þá fleiri í skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík.

### 3.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Gott er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu um 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipa-gestir til Íslands árið 2004 en um 105 þúsund árið 2014, sem er 133% aukning.<sup>9</sup> Samkvæmt tölum frá Faxaflóa-höfnum fækkað þeim nokkuð árið 2015, eða í um 100 þúsund með 108 skipum. Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september en koma einnig lítillega frá mars til maí. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum og eru því með fáar skráðar gistinætur á Íslandi. Þeir fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað.


Mynd 3.7 Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2015



### 3.4 Allir ferðamenn á Íslandi

Á mynd 3.8 má sjá þróunina í áætluðum fjölda allra ferðamanna til Íslands: með flugi, ferjunni Norrænu og skemmtiferðaskipum á tímabilinu 2004-2015. Þar sést að þótt þorri skemmtiferðaskipagesta komi til Íslands að sumarlagi (tæp 80%) þá varð sá viðsnúningur á árinu 2013 að fleiri ferðamenn komu til landsins utan sumartíma en að sumri. Árin 2014 og 2015 fjölgaði ferðamönnun utan sumars enn frekar. Árið 2015

Mynd 3.8 Allir ferðamenn til Íslands 2004-2015 flug, ferja og skemmtiferðaskip



komu því um 56% allra erlendra ferðamanna til Íslands utan sumars en 44% að sumarlagi (júní, júlí, ágúst). Líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og að ferðamönnun utan sumartíma fjölgi hraðar en sumargestum á komandi misserum og árum.

<sup>9</sup> Heimild: [www.faxafloahafnir.is](http://www.faxafloahafnir.is)

## 4.0 Ferðþjónusta á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar

---

Nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar er hér skilgreint sem láglandi Gnúpverjahrepps og Landsveitar. Þó má segja að Hekla sjálf sé utan nærsvæðis virkjunarinnar og Galtalækur á jaðri þess. Í þessum tveimur fyrrum sjálfstæðu sveitarfélögum, sem eru nú bæði hluti af stærra sveitarfélagi, hefur ferðþjónustan þróast rólega frá árinu 2001 þegar rannsóknir vegna umhverfismats Núpsvirkjunar fóru fram. Þannig hefur nærsvæði áformaðrar virkjunar setið nokkuð eftir hvað varðar uppbyggingu og nýsköpun í ferðþjónustu miðað við flest önnur svæði í Árnessýslu og Rangárvallasýslu.

Helsta ferðþjónusta sem nú er í boði er í Gnúpverjahreppi og Landsveit:

*Núpshestar* í Breiðanesi: boðið upp á allt að 6 daga hestferðir.

*Guesthouse Denami* á hestasetrinu í Vestra-Geldingarholti. 9 herbergi. Öll aðstaða uppgerð árið 2014. Starfræktur reiðskóli með námskeiðum.

Í *Steinsholti* er gistirými fyrir 11 manns í uppabúnum rúmum og veitingasalur fyrir 40 manns. Heitur pottur. Þar er boðið upp á lengri og skemmri hestaferðir.

*Farfuglaheimilið í Árnesi* rekur tvö gistiheimili, annað fyrir 20 manns í uppabúnum rúmum en í hinu eru stúdíóíbúðir fyrir alls 16 gesti. Opið 1. apríl - 1. október.

*Tjaldsvæðið Árnesi*. Talsvert um ættarmót, hátíðir og aðrar samkomur. Mest innlendir ferðamenn á tjaldsvæðinu en erlendir gestir í húsunum. Í Árnesi er einnig sundlaug (*Neslaug*).

Í Árnesi er *Verslunin Árborg* sem einnig er með veitingar og eldsneytissölu.

*Þjórsárstofa* í Árnesi er samstarfsverkefni Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar. Hún var opnuð í áföngum á árunum 2011 til 2012. Þar er upplýsingamiðstöð og margmiðlunarsýning um náttúru Þjórsárdals og Þjórsá. Opið alla daga frá 1. júní til 31. ágúst og eftir samkomulagi utan þess tíma. Veitinga- og kaffistofa og bændamarkaður eru einnig í húsinu.

Í *Fossnesi* er gisting fyrir 20-25 manns í íbúð, herbergjum og tveimur smáhúsum. Þar eru einnig seld veiðaleyfi í Þverá sem liggur við bæinn. Staðurinn er í samtökunum *Beint frá býli* og selur reykt sauðakjöt og annað kjötmeti. Í boði eru 1-3 klst hestaferðir.

*Ásólfstaðir*. Gisting í svefnpokapláss í tveimur þjálkahúsum fyrir alls 16 gesti.

*Tjaldsvæðið í Sandártungu* í Þjórsárdal er mikið sótt á sumrin og eru Íslendingar í yfirgnæfandi meirihluta gesta. Fjöldi einkabústaða og hjólhýsa er í Þjórsárdal.

*Gestastofa Búrfellsvirkjunar*. Opin 1. júní - 31. ágúst kl. 10-17.

*Þjóðveldisbærinn* í Þjórsárdal frá 1974. Opinn 1. júní - 31. ágúst kl. 10-18.

Fornbærinn að *Stöng* í Þjórsárdal sem Heklugosið árið 1104 færði í kaf er í umsjón Minjastofnunar. Var grafinn upp árið 1939.

Í *Hólaskógi* er skáli á tveimur hæðum í eigu Gnúpverjahrepps. Svefnpokaláss fyrir allt að 80 gesti auk tjaldstæðis. Mikið um fólk í hestaferðum að sumarlagi. Leigður út utan sumartíma.

*Heimaland* í Landsveit. Gisting í húsi fyrir allt að 8 manns.

*Local Travel South Iceland* að Stóra- Klofa í Landsveit. Skipuleggur ýmsar skoðunarferðir um nágrennið, m.a. á Heklu og víðar um Suðurland.

*Hótel Leirubakki* í Landsveit. Aðstaða fyrir um 50 manns í uppþúnum rúmunum í 2-6 manna herbergjum. Þar er einnig tjaldstæði, veisluskáli fyrir um 100 manns, veitingaaðstaða, farfuglaeldhús og heitir pottar. Hestaleiga, hestaferðir og hestasala. Á Leirubakka er einnig um 600 m<sup>2</sup> *Heklumiðstöð* þar sem er vísindasafn helgað Heklu og jarðsögu Íslands ásamt veitingasal o.fl. Að Leirubakka er auk þess eldsneytisafgreiðsla og nokkur greiðasala.

*Galtalækur 2*. Svefnpokagisting fyrir allt að 28 manns í 5 húsum. Einnig tjaldsvæði. Veiðileyfi seld í Tangavatni.

*Rjúpnaveilir*. Gisting í tveimur nýlegum skálum fyrir allt að 44 manns. Vinsælt meðal hópa í hestaferðum. Stutt frá Heklu.

---

Hér má til samanburðar geta þess að mikill vöxtur og nýsköpun hefur orðið á ýmsum stöðum í byggð á fjærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, þ.e. í uppsveitum Árnassýslu og í Rangárvallasýslu. Þar má t.d. nefna hótelpbyggjuna *Stracta* á Hellu, eldfjallasetrið *Lava* á Hvolsvelli sem nú er hafin bygging á, öfluga stöðu hjá *Hótel Rangá* og *Gömlu laugina* á Flúðum (*the Secret Lagoon*). Einnig ævintýrlega aukningu í aðsókn að sérhönnuðu tómatagróðurhúsi að *Friðheimum* í Biskupstungum ásamt hestasýningum. Jafnframt ísframleiðslu, veitingar og ferðamannaþjós að *Efsta-Dal* í sömu sveit, *Fontana Spa* á Laugarvatni og svo mætti áfram telja. Allt hefur þetta byggst upp á síðustu árum.




*Ísinn er góður í Efsta-Dal.*



## 5.0 Umferð um Þjórsárdalsveg og Landveg

Á mynd 5.1 má sjá áætlaðan fjölda vegfarenda sem fóru annars vegar um Þjórsárdalsveg og hins vegar um Landveg árin 2015 og 2001 eftir talningarstöðum Vegagerðarinnar þar. Til að áætla fjölda vegfarenda út frá bílafjölda var að jafnaði reiknað með þremur í hverjum bíl að bílstjóra meðtöldum.<sup>10</sup> Jafnframt er sýnt hlutfall í fjölda vegfarenda eftir talningarstöðum bæði árin og miðað við að fyrsti staður á hvorri leið hafi gildið 100%.

**Mynd 5.1** Áætlaður fjöldi vegfarenda um Þjórsárdalsveg og Landveg árin 2015 og 2001 og hlutfall þeirra um vegina eftir talningarstöðum



Samkvæmt þessu varð aukning umferðar á Þjórsárdalsvegi við Skeiðaveg aðeins 14% á tímabilinu en 78% á Þjórsárdalsvegi við Búrfell, þar sem hlutfall ferðamanna af vegfarendum er mun hærra. Þá fór aðeins 36% umferðar við upphaf Þjórsárdalsvegar við Skeiðaveg árið 2001 einnig að Búrfelli en um 55% umferðarinnar árið 2015. Þetta bendir sterklega til þess að hlutfall ferðamanna af umferðinni um ofanverðan Þjórsárdalsveg hafi aukist mikið á tímabilinu.


Á sama árabili, 2001-2015, varð 40% aukning á umferð á Landvegi við hringveginn en hins vegar 114% aukning á Landvegi við Þingskálaveg og 107% á Landvegi við Landmannaleið. Þá fór 20% umferðar við upphaf Landvegar við hringveginn árið 2001 einnig að Landmannaleið en 29%

<sup>10</sup> Gert ráð fyrir að 97% hafi verið einkabílar og að þar hafi að jafnaði verið 2,5 í bíl og að 3% hafi verið hópferðabílar með að jafnaði 17 manns í hverjum.

umferðarinnar árið 2015. Á sama hátt bendir það til þess að umferð ferðamanna hafi vaxið mikið á ofanverðum Landvegi á tímabilinu.

Samkvæmt föstum umferðateljrum Vegagerðarinnar, annars vegar á Þjórsárdalsvegi við Skeiðaveg og hins vegar á Landvegi við Þjóðveg 1, fóru alls um 193 þúsund farartæki um Þjórsárdalsveg á þessum stað árið 2015 um 205 þúsund um Landveg.<sup>11</sup> Svo sem sjá má á töflunni neðan við mynd 5.2 var talsverður munur á dreifingu umferðarinnar á þessum tveimur stöðum eftir árstíðum. Þannig fóru 35% farartæka ársins 2015 um Þjórsárdalsveg í júlí og ágúst (á háönn) en um 31% farartækja á Landvegi. Ef fjórir helstu ferðamannamánudirnir eru skoðaðir, júní, júlí, ágúst og september, þá fóru um 57% allra farartækja ársins um Þjórsárdalsveg en 51% um Landveg. Hina átta mánuði ársins er Landvegur með herra hlutfall ársumferðar en Þjórsárdalsvegur. Þetta bendir til að ferðamenn, sem fara helst í Þjórsárdal og margir áfram í Landmannalaugar og víðar um hálendið þessa fjóra mánuði, séu þá umtalsvert herra hlutfall umferðarinnar á Þjórsárdalsvegi en á Landvegi. Þar af leiðir að umferð um Landveg er meiri meðal íbúa og sumarhúsaeigenda enda búa samanlagt 60-70% fleiri í Holtum og Landsveit en í Gnúpverjahreppi.

**Mynd 5.2** Áætlaður fjöldi vegfarenda um Þjórsárdalsveg við Skeiðaveg og Landveg við Þjóðveg 1 eftir mánuðum árið 2015



<b>Þjórsárd.veg</b>	4,2%	4,1%	5,0%	5,5%	7,7%	11,6%	18,3%	16,4%	10,3%	7,1%	5,7%	4,1%
<b>Landvegur</b>	4,9%	4,8%	5,5%	6,3%	8,5%	11,1%	16,2%	14,5%	8,9%	7,9%	6,5%	4,9%

Þau Rögnvaldur Ólafsson (RÓ) og Gyða Þórhallsdóttir (GP) settu upp, að beiðni verkfræðistofunnar EFLU, fjóra bifreiðateljara við Þjórsárdalsveg og Landveg í júlí og ágúst 2016. Voru þeir staðsettir við Minni-Núp og Þjórsárdal á Þjórsárdalsvegi og við Skarðsfjall og austan við Búrfell á Landvegi. Niðurstöðuna má sjá í neðanmálgreininni hér að neðan.<sup>12</sup>

<sup>11</sup> Heimild: [www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir\\_teljarar\\_2015/\\$file/r\\_cross\\_umferd\\_2015.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir_teljarar_2015/$file/r_cross_umferd_2015.pdf)

<sup>12</sup> Um teljarann við Minna-Núp fóru 30.409 farartæki í júlí og 25.589 í ágúst 2016. Alls 55.998. Um teljarann við Þjórsárdal fóru 25.506 farartæki í júlí og 22.652 í ágúst 2016. Alls 48.158. Um teljarann við Skarðsfjall fóru 18.667 farartæki í júlí og 14.456 í ágúst 2016. Alls 33.123. Um teljarann við Búrfell fóru 15.365 farartæki í júlí og 10.680 í ágúst 2016. Alls 26.045.

Í töflu 5.1 er fjöldi vegfarenda áætlaður með sama hætti og í mynd 5.1, eða með því að gera ráð fyrir þremur í bíl að jafnað að bílstjóra meðtöldum. Samkvæmt því fóru alls um 168 þúsund manns um Þjórsárdalsveg við Minni-Núp í júlí og ágúst 2016, 144 þúsund að Þjórsárdal, 99 þúsund um Landveg við Skarðsfjall og 78 þúsund um Landveg austan Búrfells.

Svo sem sjá má eru mánuðirnir júlí og ágúst skyggðir töflunni neðan við mynd 5.2 þar sem áhugavert er að bera þá saman við talningu Rögnvaldar og Gyðu sömu mánuði sumarið 2016. Ef hlutfall umferðar í júlí og ágúst 2015 af ársumferð á Þjórsárdalsvegi og Landvegi í gögnum Vegagerðarinnar eru yfirfærðar á tölur RÓ og ÞG árið 2016 er niðurstaðan þessi: heildarfjöldi vegfarenda á Þjórsárdalsvegi við Minni-Núp árið 2016 mun verða um 480 þúsund (160 þús/0,35), 413 þúsund að Þjórsárdal, 320 þúsund við Skarðsfjall (99 þús/0,31) og 252 þúsund á Landvegi austan Búrfells.

**Tafla 5.1** **Áætlaður fjöldi vegfarenda á fjórum stöðum**  
**á Þjórsárdalsvegi og Landvegi í júlí og ágúst 2016**<sup>13</sup>

<i>Fjöldi</i>	Júlí	Ágúst	Alls júlí -ágúst	Áætlun árið 2016
Minni-Núpur	91.200	76.800	<b>168.000</b>	<b>480.000</b>
Þjórsárdalur	76.500	68.000	<b>144.500</b>	<b>413.000</b>
Skarðsfjall	56.000	43.400	<b>99.400</b>	<b>320.000</b>
Búrfell (austan)	46.100	32.000	<b>78.100</b>	<b>252.000</b>

Þetta þýðir 17-18% aukningu umferðar á stöðunum við Þjórsárdalsveg miðað við árið 2015 (sjá Stóri-Núpur og Ásólfstaðir á mynd 5.1) og enn meiri aukningu á Landvegi austan Búrfells (sjá Landmannaleið á mynd 5.1). Vegavinna þar og umferð henni tengd austan Búrfells sumarið 2016 kann að hafa haft talsverð áhrif á talninguna þar (sjá fyrirvara hjá RÓ og GP á bls. 7 í þeirra skýrslu). Þá var einnig verið að leggja jarðstreng við Skarðsfjall á sama tíma sem gæti hafa haft áhrif á talninguna þar. Þannig að líklega er um einhverja ofáætlun á umferð ferðamanna að ræða á stöðunum við Landveg í júlí og ágúst 2016. Niðurstöðurnar benda þó til verulegrar aukningar á umferð um ofanverðan Þjórsárdalsveg og einnig um ofanverðan Landveg á því ári sem nú er að ljúka (2016) miðað við árið 2015. Má fastlega gera ráð fyrir að þar hafi ferðamen ekki látið sitt eftir liggja enda tíðarfar verið mjög hagstætt á þessu ári.

Heimild: Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Bifreiðatalningar í Þjórsárdal og á Landvegi í júlí og ágúst 2016 vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Skýrsla unnin fyrir verkfræðistofuna EFLU. September 2016.


<sup>13</sup> Sérstakur fyrirvari er á tölum og áætlunum á talningarstöðunum við Landveg, sbr. útskýringar í síðustu málsgrein í megintexta hér að ofan.

## 6.0 Ferðamenn í Árnes- og Rangárvallasýslu og á fjær- og nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar

### 6.1 Erlendir ferðamenn í Árnes- og Rangárvallasýslu

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 428 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Árnessýslu árið 2010, 638 þúsund árið 2013 og 1.043 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 6.1). Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,4 falt frá 2010 til 2015 (143%) og um 63% frá 2013 til 2015. Þetta þýðir einnig að um 87% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2010 komu í Árnessýslu en 81% erlendra gesta til landsins árið 2015. Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýsluna hafi fjölgað úr 228 þúsund árið 2010 í 443 þúsund árið 2015, eða um 94%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum þrefalt á sama tímabili, úr 200 þúsund í um 600 þúsund.

**Mynd 6.1** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Árnessýslu eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015



<b>2015</b>	48	49	65	63	74	104	168	171	93	85	68	55
<b>2013</b>	26	30	34	37	45	76	117	120	57	40	34	22
<b>2010</b>	16	17	23	21	26	52	86	90	35	30	18	14


#### Samanburður við árið 2001

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF árið 2001 fóru 89% erlendra sumargesta (júní, júlí, ágúst) það ár eitthvað um Suðurland og þar með um Árnessýslu, 77% gesta í september og 65% í október.<sup>14</sup> Ef gert er ráð fyrir að 70% gesta utan sumartíma hafi farið um Árnessýslu það ár má lauslega áætla að um 240 þúsund ferðamenn hafi komið í sýsluna árið 2001, eða 80% af ferðamönnum til Íslands. Samkvæmt því fjölgaði erlendum ferðamönnum í Árnessýslu 4,3 falt á tímabilinu sem er sama aukning og varð í komum gesta til landsins.

<sup>14</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 7.*

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 230 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Rangárvallasýslu árið 2008, 414 þúsund árið 2013 og 767 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 6.2). Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,3 falt frá 2008 til 2015 og 1,9 falt frá 2013 til 2015 (um 85%). Þetta þýðir einnig að 59,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Rangárvallasýslu en 46% þeirra árið 2008 (500 þúsund ferðamenn). Samkvæmt því hefur Rangárvallasýsla aukið sinn hlut um 29% á tímabilinu.

**Mynd 6.2** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Rangárvallasýslu eftir mánuðum 2008, 2013 og 2015



<b>2015</b>	22,0	28,0	31,0	37,4	51,5	81,5	150,9	153,2	75,0	66,3	39,3	31,2
<b>2013</b>	13,8	16,0	14,7	17,5	28,0	56,6	91,8	97,3	34,5	21,1	10,8	12,2
<b>2008</b>	3,4	2,8	7,3	8,1	12,1	39,8	62,1	65,2	12,6	11,2	3,4	2,2

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýsluna hafi fjölgað úr 167 þúsund árið 2008 í 386 þúsund árið 2015, eða 2,3 falt Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunni mikið meira á sama árabili, úr 63 þúsund í um 382 þúsund, eða sexfalt. Mest varð þó fjölgunin fjóra helstu vetrarmánuðina, janúar, febrúar, nóvember og desember, eða 7,6 föld, úr 16 þúsund árið 2008 í 121 þúsund árið 2015.

#### Samanburður við árið 2001

Árið 2001 voru ekki hafnar mælingar RRF á komum ferðamanna í Rangárvallasýslu sérstaklega (spurt var um Árnes-og Rangárvallasýslu saman). Allt bendir þó til þess að aukningin þar hafi verið umfram landsmeðaltal fram til 2015. Hin gríðarlega aukning á komum ferðamanna að stöðum eins og Seljalandsfossi og Skógafossi allt árið um kring á árabilinu 2011-2015 hefur þar mikið að segja. Ennfremur mikil aukning erlendra gesta árið um kring að Dyrhólaey, Reynisfjöru, Vík, Skaftafelli og Jökulsárlóni sem nær allir fara um Rangárvallasýslu á leið sinni þangað. Hér verður áætlað að nálægt 140 þúsund erlendir gestir hafi komið í Rangárvallasýslu árið 2001 og hafi þeim fjölgað 5,5 falt til ársins 2015, talsvert hraðar en í Árnessýslu.


## 6.2 Erlendir ferðamenn í Landmannalaugum og á Flúðum (fjærsvæði)

Á fjærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar eru tveir ferðamannastaðir sem vert að gefa gaum til viðmiðunar, Landmannalaugar og Flúðir. Landmannalaugar vegna þess að til að fara þangað aka flestir ferðamenn um Þjórsárdalsveg og því um næsta nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Flúðir vegna þess að það er næsti þéttbýlisstaður fyrir utan nærsvæði virkjunarinnar (láglandi Gnúpverjahrepps og Landsveitar). Staðirnir eru m.a. ólíkir að því leyti aðgengi að Landmannalaugum er takmarkað nema 3-5 mánuði á ári en góðar samgöngur eru að Flúðum allt árið.

### Landmannalaugar

Samkvæmt *Dear Visitors* könnuninni má áætla að um 48 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Landmannalaugar árið 2004, 74 þúsund árið 2010 og 112 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 6.3). Samkvæmt því fjölgaði þeim um 133% (2,3 falt) frá 2004 til 2015 og um 51% frá 2010 til 2015. Þetta þýðir einnig að 8,6% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 komu í Landmannalaugar en 13,3% þeirra árið 2004 (um 360 þúsund ferðamenn til Íslands það ár). Samkvæmt því hafa Landmannalaugar misst um 35% af hlutdeild sinni í gestum til Íslands á þessu árabili. Þetta er sama þróun og víða á hálendinu og skýrist m.a. af því að leigja þarf fjórhjóladrifsbíla til að fara F-vegina. Eins kemur sífellt stærra hlutfall ferðamanna til Íslands utan sumartíma þegar hálendið er víðast hvar óaðgengilegt nema fyrir sérútbúna bíla.

Mynd 6.3 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Landmannalaugar eftir mánuðum 2004, 2010 og 2015




<b>2015</b>	1,4	1,7	2,1	2,5	2,8	8,1	37,2	34,1	16,1	5,6	0,4	0,4
<b>2010</b>	0,3	0,9	0,7	1,1	1,4	7,3	27,4	29,3	3,2	2,0	0,6	0,0
<b>2004</b>	0,3	0,2	0,3	0,5	0,8	3,6	16,4	20,6	3,7	1,4	0,4	0,3

Vísbendingar eru um talsverða fjölgun erlendra gesta í Landmannalaugum árið 2016 frá síðasta ári enda var vegurinn þangað opnaður snemma í ár (öfugt við 2015) og haustið var hlýtt.

## Flúðir

Samkvæmt *Dear Visitors* könnuninni má áætla að um 61 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið að Flúðum árið 2013 en 105 þúsund árið 2015 (sbr. mynd 6.4). Samkvæmt því fjölgaði þeim um 74% á þessu tveggja ára tímabili eða hlutfallslega mun meira en í Landmannalaugum á 5 ára tímabili (2010-2015). Þetta þýðir einnig að 8,2% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2015 (alls um 1.290 þúsund) komu að Flúðum en 7,5% þeirra árið 2013 (um 800 þúsund til Íslands það ár). Samkvæmt því juku Flúðir hlutdeild sína í gestum til Íslands um 10% á þessu tveggja ára tímabili. Megin skýringin á þessari fjölgun liggur líklega í ört vaxandi vinsældum *Gömlu laugarinnar á Flúðum (The Secret Lagoon)* sem hóf starfsemi í júní 2014.

**Mynd 6.4** Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna að Flúðum eftir mánuðum 2013 og 2015



Lesi má úr tölum RRF um komu erlendra ferðamanna að Flúðum fyrstu átta mánuðum ársins 2016 að þessi öra fjölgun heldur áfram, hraðar utan sumars en að sumri. Jafnframt er líklegt að hún verði eitthvað umfram fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands árið 2016, sem þó stefnir í að verði a.m.k. 35%.

Þá benda kannanir RRF til þess að um 25 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft viðkomu í Hrauneyjum árið 2015, um 80% þeirra frá júní til september.

## 6.3 Erlendir ferðamenn á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar

Þjórsárdalur og mynni hans er vinsælasta ferðamannasvæði í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar enda eru þar óvenjumargir skoðunarverðir staðir á litlu svæði; náttúruperlurnar Háifoss, Gjáin og Hjálparfoss, minjarnar að Stöng og Þjóðveldisbærinn (frá 1974) sem var tilraun til endurgerðar af Stangarbænum. Þar er auk þess Búrfellsvirkjun sem er hluti af orkusögu landsins. Jafnframt má nefna útsýnisstaðinn Gaukshöfða. Um þetta má síðan allt saman fræðast í Þjórsárstofu í Árborg. Helstu staðirnir í Þjórsárdal eru allir vel sóttir. Á síðustu árum hafa að jafnaði komið um 10 þúsund borgandi gestir í Þjóðveldisbæinn, þrátt fyrir einungis þriggja

mánaða fastan opnunartíma, flestir erlendir. Börn frá frían aðgang. Þá koma margir þangað án þess að borga aðgangseyri og utan sumarmánuðanna þriggja. Þannig má lauslega áætla að 20-30 þúsund ferðamenn hafi lagt leið sína að Þjóðveldisbænum árið 2015. Þó er það álit þeirra sem til þekkja að aðsókn að Stöng sé enn meiri enda enginn aðgangseyrir innheimtur þar. Margir sem koma að Stöng ganga einnig að Gjánni og um hana.



Við Hjálparfoss í Þjórsárdal.

Með bættu aðengi að Hjálparfossi, stígum og pöllum sem þar komu í árslok 2014 hefur aðsókn að honum aukist mikið, enda er fossinn vel staðsettur skammt frá Þjóðveginum. Er það skoðun þeirra sem til þekkja að aðsókn að Hjálparfossi sé mun meiri en að Þjóðveldisbænum og jafnvel á pari við Stöng. Útsýnispallur er við Háafoss og þangað kemur einnig fjöldi erlendra ferðamanna.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF (DV), þar sem spurt var um komur gesta í Þjórsárdal í hálfri ári (mars til ágúst 2016), sýna niðurstöður að á heilsársgrundvelli megi reikna með að ríflega 4% erlendra ferðamanna hafi haft viðkomu þar; 2,5% að jafnaði utan sumars og um 6% að sumarlagi. Sé það hlutfall yfirfært á ferðamenn til Íslands árið 2015 (um 1.290 þúsund) gerir það 50-60 þúsund gestir. Þar er þó líklega um nokkurt vanmat að ræða. Rökin fyrir því eru m.a. þau að Þjórsárdalur var stafsettur á íslensku í könnuninni og því líkandi til að svarendur hafi ekki allir áttað sig á að þeir hafi verið í Þjórsárdal þó þeir hafi heimsótt náttúruperlur eða sögustaði þar. Þá má einnig nefna að samkvæmt staðkunnugum, m.a. Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa uppsveita Árnassýslu, hafa nú að lágmarki jafn margir erlendir ferðamenn og innlendir viðkomu í Þjórsárdal. Hér verður því áætlað að 60-70 þúsund erlendir gestir hafi lagt leið sína í Þjórsárdal árið 2015. Nánari rannsókn er þörf til að áætla þetta nákvæmar þar sem spurt yrði um komur að fjölsóttustu stöðunum í Þjórsárdal; Háafossi, Stöng, Hjálparfossi og Þjóðveldisbænum.

Áætlað er 120-130 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um ofanverðan Þjórsárdalsveg árið 2015 og þar með nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Þar af hafi 90-95 þúsund lagt leið sína í



Landmannalaugar (80-85% erlendra gesta þar). Hinir 30-35 þúsund hafi flestir snúið við í Þjórsárdal, eða um helmingur erlendra ferðamanna sem stoppuðu þar. Það rökstyðja kannanir.<sup>15</sup>

Í *Dear Visitors* könnun RRF frá mars til ágúst 2016 var einnig spurt um komur að Árnesi. Samkvæmt henni má áætla að 4% erlendra ferðamanna á ársgrundvelli hafi komið þar. Sé það hlutfall yfirfært á árið 2015 má áætla að þá hafi um 50 þúsund erlendir gestir komið í Árnes.

Þá er áætlað að 50-60 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína um ofanverðan Landveg árið 2015 og þar með um nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar eða jaðar þess. Jafnframt er áætlað að 35-40 þúsund þeirra hafi lagt leið sína upp með Búrfelli að austanverðu og þaðan á hálendið. Margir þeirra fara í Landmannalaugar um Landmannaleið (Dómadalsleið). Þá er áætlað að allt að 50 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Galtalæk (hluti þeirra að Heklu en ekki lengra upp Landveg). Jafnframt er lauslega áætlað að 50-60 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína að Heklu árið 2015, flestir eitthvað um Landveg en aðrir fram og til baka um Rangárvelli.<sup>16</sup>

Alls er því áætlað að 170-190 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar eða jaðar þess. Þar af hafi um 25 þúsund farið bæði um Þjórsárdalsveg og Landveg og því tvítaldir (þar af 15-20% gesta í Landmannalaugum). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar eða í jaðri þess er því lauslega áætlaður 140-160 þúsund árið 2015 eða 11-12% af ferðamönnum til Íslands.

#### **Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Í greinargerð RRF fyrir Landsvirkjun í tengslum við umhverfismat Núpsvirkjunar var áætlað að 50-75 þúsund erlendir ferðamenn hefðu farið um nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar árið 2001.<sup>17</sup> Ef miðað er við 60 þúsund erlenda gesti 2001 þýðir það að árið 2015 fóru 2,3-2,7 sinnum fleiri erlendir gestir um svæðið (140-160 þúsund). Á sama tímabili fjölgaði erlendum ferðamönnum til landsins með flugi og ferju mun hraðar, úr um 300 þúsund árið 2001 í um 1290 þúsund árið 2015, eða 4,3 falt. Fjölgunin í nágrenni fyrirhugaðs virkjunarsvæði hefur því verið verulega undir fjölgun ferðamanna til landsins enda hefur fremur lítil þróun orðið þar á sviði ferðapjónustu frá árinu 2001 eins og rakið var í kafla 4.0.

<sup>15</sup> Um 46% þeirra 371 erlendu ferðamanna sem tóku þátt í könnuninni í nágrenni Þjórsárdals sumarið 2016 höfðu farið í Landmannalaugar í ferðinni eða ætluðu þangað, en 54% ekki. Niðurstöður *Dear Visitors* könnunarinnar í *Leifstöð* sumarið 2016 sýndu svipaða niðurstöðu, þ.e. að 43% þeirra sem komu í Þjórsárdal fóru einnig í Landmannalaugar.

<sup>16</sup> Í *Dear Visitors* könnun RRF frá mars til ágúst 2016 var spurt um komur að Heklu þar sem ferðamenn krossuðu við nafnið á Íslandskorti. Samkvæmt niðurstöðunum má áætla að 8% erlendra ferðamanna á ársgrundvelli hafi komið að eldfjallinu. Séu þær hlutfallstölur yfirfærðar á árið 2015 þýðir það að þá hafi um 100 þúsund erlendir gestir komið að fjallinu. Það getur þó ekki staðist ef miðað er við umferðartölur Vegagerðarinnar á Landvegi við Þingskálaveg (sjá mynd 5.1) enda á þá einnig eftir að bæta við umferð innlendra ferðamanna, heimamanna o.fl. Erfitt er að átta sig á hversu nálægt Heklu ferðamenn hafa farið til að telja sig hafa verið á Heklusvæðinu. Kann að vera að ýmsum nægi að vera í myndatökufæri meðan aðrir leggja þann skilning í að þeir þurfi að fara að fjallsrótum. Nánari rannsókn er þörf til að fá úr þessu skorið. Hér verður því farið varlega, tekið mið af umferðartölum og lauslega áætlað að 50-60 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið að Heklu árið 2015.


<sup>17</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 9.*

## 6.4 Íslendingar á nokkrum stöðum á nær- og fjærsvæði virkjunar 2015

Samkvæmt netkönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir RRF (liður í spurningavagni þeirra vorið 2016) fóru 52% landsmanna eitthvað um Flúðir árið 2015, 42% töldu sig hafa farið um nágrenni Heklu, 28% komu að Árnesi, 22% í Þjórsárdal, 10% að hálendismiðstöðinni Hrauneyjum og sama hlutfall um Galtalæk/efri hluta Landsveitar.

Samkvæmt þessum niðurstöðum má lauslega áætla að um 160 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína að Flúðum árið 2015, 130 þúsund farið um nágrenni Heklu, 86 þúsund farið um Árnes, 68 þúsund komið í Þjórsárdal, 30 þúsund í Hrauneyjar og svipað margir um Galtalæk/efri hluta Landsveitar.<sup>18</sup> Hér er það túlkað svo að Árnes og Þjórsárdalur séu á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar, Galtalækur í jaðri þess en sjálf Hekla, Flúðir og Hrauneyjar ekki.

**Mynd 6.5** Áætlaður fjöldi og hlutfall Íslendinga á staði/svæði á nær-og fjærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar árið 2015



Það skal tekið fram eins og áður var gert varðandi erlenda ferðamenn að það stenst ekki að um 130 þúsund Íslendingar hafi komið að Heklu árið 2015 ef miðað er við umferðartölur Vegagerðarinnar á Landvegi við Þingskálaveg. Hér eins og með erlendu ferðamennina virðist erfitt að áætla hvað landsmenn eiga við þegar þeir telja sig hafa komið nærri fjallinu. Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar má hins vegar áætla að í mesta lagi hafi 80-100 þúsund ferðamenn lagt leið sína að Heklurótum þegar allt er talið á síðasta ári, samanlagt innlendir og erlendir. Hér verður lauslega áætlað að 40-50 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína að Heklu árið 2015. Sú tala er þó einnig verulegri óvissu háð.

Í töflu 6.1 má sjá niðurstöðurnar greindar eftir kyni, aldurhópum, búsetu, menntun, börnum á heimili eða ekki og eftir heimilistekjum. Niðurstaðan er sú að karlar komu frekar í Þjórsárdal og að Hrauneyjum en konur. Yngra fólkið kom almennt síður á staðina þeir eldri, nema í nágrenni Heklu. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu komu mun frekar að Flúðum, í ætlað nágrenni Heklu og í Þjórsárdal en fólk af landsbyggðinni, en hlutfall hópanna í Hrauneyjum var það sama. Fólk með

<sup>18</sup> Hér eru niðurstöður könnunarinnar yfirfærðar á 310 þúsund Íslendinga, af alls rúmlega 330 þúsund íbúum Íslands 2015, til að forðast ofátlanir. Líklegt að börn og ungmenni undir 18 ára aldri ferðist heldur minna um landið en fullorðin fólk þó fyrri kannanir bendi til að þar muni litlu.

háskólanám að baki fór hlutfallslega frekar á alla staðina en þeir sem voru með styttri menntun. Fólk með lægstu heimilistekjurnar, 300 þúsund eða lægri, fór síst á alla staðina.

**Tafla 6.1 Komur Íslendinga á staði/svæði á nær- og fjærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjun árið 2015**

eftir kyni, aldurshópum, búsetu, menntun, börnum á heimili og heimilistekjum<sup>19</sup>

%	Flúðir	Nágr. Heklu	Árnes	Þjórsárdalur	Hrauneyjar	Galtalækur
Karl	52	44	29	25	12	11
Kona	52	40	27	19	8	9
18-35 ára	47	43	19	20	6	8
36-55 ára	52	44	30	21	12	9
yfir 55 ára	55	40	32	24	11	13
Höfuðborgarsvæðið	56	46	29	24	10	11
Landsbyggðin	44	34	26	18	10	8
Grunnskólanám	44	38	26	21	6	7
Framhaldsskólanám	48	37	25	18	10	10
Háskólanám	57	47	31	25	11	11
Ekki börn á heimilinu	52	40	28	21	10	12
Börn á heimilinu	52	45	28	23	10	8
300 þúsund eða minna	39	31	23	17	4	6
301-500 þúsund	50	38	26	21	10	9
501-900 þúsund	50	47	29	22	12	14
701-900 þúsund	45	48	25	22	10	12
yfir 900 þúsund	61	44	32	25	11	10
<b>Meðaltal %</b>	<b>52</b>	<b>42</b>	<b>28</b>	<b>22</b>	<b>10</b>	<b>10</b>

Hæstur var meðalaldur þeirra sem höfðu komið í Hálendismiðstöðina Hrauneyjar eða að Galtalæk, 54 ár. Gestir að Árnesi voru að jafnaði 53 ára en 52 ára í Þjórsárdal. Þá var meðalaldur gesta að Flúðum 51 ár en 49,5 ár meðal þeirra sem höfðu komið í nágrenni Heklu.

Þá má bæta því við að samkvæmt könnunum RRF o.fl. undanfarin ár þá leggja að jafnaði 5-7% Íslendinga leið sína í Landmannalaugar árlega. Sé gert ráð fyrir að 6% Íslendinga hafa farið í Landmannalaugar árið 2015 gerir það um 18 þúsund manns.

<sup>19</sup> Hér skal ítrekað að erfitt er að átta sig á hvernig svarendur afmarka „nágrenni Heklu“.

## 6.5 Allir ferðamenn á nær- og fjærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar 2015


Samkvæmt áðursögðu er áætlað að alls hafi 240-260 þúsund ferðamenn farið um nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar árið 2015, þar af 140-160 þúsund erlendir ferðamenn (um 60%) og um 100 þúsund innlendir (um 40%).



Í Gömul lauginni á Flúðum (The Secret Lagoon) sem nýtur nú mikilla vinsælda.

Hins vegar er áætlað að flestir ferðamenn hafi komið að Flúðum árið 2015 (á fjærsvæði virkjunar) af þeim stöðum sem hér eru skoðaðir til viðmiðunar, eða um 265 þúsund manns, þar af um 160 þúsund Íslendingar (60%) en 105 þúsund erlendir gestir (40%). Þá er áætlað að alls hafi 130-140 þúsund ferðamenn lagt leið sína í Árnes, Þjórsárdal og Landmannalaugar 2015, misjafnt skipt eftir erlendum og innlendum gestum. Einnig að um 100 þúsund manns hafi gert sér leið að Heklu, 80 þúsund farið um Galtalæk og um 55 þúsund komið að Hrauneyjum (hálandismiðstöð).

**Mynd 6.6** Áætlaður fjöldi og hlutfall Íslendinga og erlendra ferðamanna á nærsvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar árið 2015 og á nokkur stöðum nær og fjær




## 7.0 Íbúar og sumarhúsaeigendur 2016; samanburður við 2001

Hér verður greint frá niðurstöðum vettvangskönnunar sumarið 2016 meðal íbúa í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi, á Skeiðum og sumarhúsaeigenda sem eiga bústaði nærri fyrirhugaðri Hvammsvirkjun (nær allir í Gnúpverjahreppi). Þar sem við á eru niðurstöður bornar saman við könnun vegna Núpsvirkjunar sumarið 2001. Þar var þó er ekki spurt um afstöðu Skeiðamanna til Núpsvirkjunar, heldur til Urriðafossvirkjunar. Samanburðurinn nær því ekki til íbúa á Skeiðum.

### 7.1 Búseta, búsetuform og lengd búsetu

414 íbúar í Landsveit, Holtum, Gnúpverjahreppi og á Skeiðum tóku þátt í vettvangskönnuninni vegna Hvammsvirkjunar í apríl og maí 2016. Þar af fengust 164 svör úr Gnúpverjahreppi (40% svaranna), 99 úr Holtum (24%), 87 af Skeiðum (21%) og 64 úr Landsveit (15%).


Mynd 7.1



Auk þess tóku 71 eigendur sumarhúsa þátt í könnuninni, langflestir í Gnúpverjahreppi. Alls voru þátttakendur því 485 talsins.<sup>20</sup>

Hvað búsetuform varðar þá bjuggu 86% íbúa á lögbýli, 12% í húsi/íbúð í þéttbýli og 2% í húsi í dreifbýli (ekki lögbýli).


Mynd 7.2



<sup>20</sup> Í könnuninni vegna Núpsvirkjunar sumarið 2001 fengust 178 svör, þar af 124 meðal íbúa í Gnúpverjahreppi, Holtum og Landsveit og 54 meðal sumarhúsaeigenda.

Íbúar í könnuninni vorið 2016 voru annars vegar spurðir að því hve lengi þeir hefðu búið á Suðurlandi og hins vegar hve lengi þeir hefðu búið á núverandi heimili sínu. 70% íbúa höfðu búið á Suðurlandi í meira en 20 ár en 47% búið á sama staðnum svo lengi.


**Mynd 7.3 Lengd búsetu íbúa á Suðurlandi og á núverandi stað**



Sambærileg spurning var lögð fyrir sumarhúsa eigendur. Niðurstaðan er sú að 24% höfðu átt bústaðinn yfir 20 ár, 45% í 10-20 ár og 31% innan við 10 ár. Meðatalið var 17 ár.

**Mynd 6.4**

**Hve lengi átt sumarhúsið?**




## 7.2 Land að Þjórsá

Íbúar voru spurðir hvort ættu land eða hefðu umráðarétt yfir landi sem lægi að Þjórsá. Spurningin var lögð fram að skoða hvort verulegur munur væri á afstöðu þátttakenda eftir því hversu nærri Þjórsá þeir búa. Niðurstaðan er sú að 18% svarenda meðal íbúa áttu land að Þjórsá en 82% ekki. Helst áttu íbúar í Landsveit land að Þjórsá (25%) en síst íbúar í Holtum (10%).

**Mynd 7.5**

**Eiga land að Þjórsá?**




Þá kváðust 42% sumarhúsa eigenda (29 svarendur) 2016 eiga land eða hafa umráðarétt yfir landi sem lægi að Þjórsá.

### 7.3 Kyn, aldur og menntun


51% þátttakenda í könnuninni sumarið 2016 voru karlar en 49% konur. Hlutfall kynjanna var mjög jafnt á öllum svæðum. Um 20% íbúa voru 18-35 ára, 36% voru 36-55 ára og 44% eldri en 55 ára. Aldursskipting eftir svæðum var sem hér er sýnt.

Mynd 7.6



Aldursskipting sumarhúsafólks var svipuð. Þannig voru 19% þeirra 18-35 ára, 35% voru 35-55 ára og 46% yfir 55 ára. Meðalaldur hjá öllum hópum var 50-53 ár. 41% svarenda voru með innan við 4 ára skólagöngu eftir skyldunám, 38% með 4-8 ár en 21% með yfir 8 ára menntun eftir grunnskóla. Menntun íbúa eftir svæðum var sem hér er sýnt.

Mynd 7.7



Sumarhúsafólk var að jafnaði með lengri skólagöngu að baki en íbúar; 30% með minna en 4 ára skólagöngu eftir skyldunám, 33% með 4-8 ár en 37% með yfir 8 ára menntun eftir grunnskóla.


### 7.4 Áhrif Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu, útivist og samfélag

Mikill meirihluti íbúa og sumarhúsaeigenda sem afstöðu tóku í könnuninni 2016 töldu að Hvammsvirkjun myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf til skamms tíma (86%) og á samgöngur, vegna mögulegrar brúar neðan virkjunar (80%).<sup>21</sup> Talsverður meirihluti taldi að framkvæmdirnar myndu hafa jákvæð atvinnulíf til frambúðar (57%) og helmingur að þær hefðu jákvæð áhrif á

<sup>21</sup> 33% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta áhrif Hvammsvirkjunar á veiði, 27% ekki á verð á fasteignum og 16-20% ekki á atvinnulíf til frambúðar, verslun, útivist, landbúnað/landnýtingu og ferðapjónustu. Þá voru 11-12% óákvæðir hvað varðar samgöngur og atvinnulíf til skemmri tíma.

verslun og ferðapjónustu á svæðinu (49-51%).<sup>22</sup> Þá töldu 42% að framkvæmdir í tengslum við Hvammsvirkjun hefðu jákvæð áhrif á verð á fasteignum. Hins vegar voru skiptar skoðanir á því hvort áhrif á útivist yrðu jákvæð (34%), engin (30%) eða neikvæð (36%). Hins vegar töldu 42% þeirra sem afstöðu tóku að Hvammsvirkjun hefði neikvæð áhrif á landbúnað í nágrenninu og 58% að hún hefði neikvæð áhrif á veiði í Þjórsá.

**Mynd 7.8 Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu, útivist og samfélag**



**Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Niðurstöður af sömu spurningu árið 2001 vegna Núpsvirkjunar voru býsna sambærilegar og röðunin nokkurn veginn sú sama.<sup>23</sup> Enginn meiri háttar munur.

Í töflu 7.1 eru þessar niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu (svæðin fjögur + sumarhúsaeygndur í Gnúpverjahreppi) og eftir því hvort viðkomandi eiga land að Þjórsá/hafa umráðarétt yfir landi þar eða ekki. Niðurstöðurnar eru um margt áhugaverðar.

Karlar voru að jafnaði nokkru jákvæðari til áhrifanna en konur og jákvæðni eykst með hækkandi aldri fólks. Yngsta fólkið, 18-35 ára, taldi frekar að ýmis áhrif af virkjuninni yrðu neikvæð en þeir eldri. Jákvæðni gagnvart áhrifum virkjunarinnar á ýmsa þætti var mest meðal þeirra sem skemmsta skólagöngu höfðu em minnst meðal langskólagenginna.

Íbúar í Landsveit voru í nær öllum tilvikum jákvæðastir til áhrifa af fyrirhuguðum framkvæmd-um, síðan íbúar í Holtum en Skeiðamenn og Gnúpverjar talsvert neikvæðari. Sumarhúsaeygndur

<sup>22</sup> Forsendur að baki matinu á áhrifum Hvammsvirkjunar á verslun og ferðapjónustu virtist oft sett í samhengi við væntingar um aukinn ferðamannastraum vegna áforma um nýja brú yfir Þjórsá, því þá skapast einnig stærri markaður fyrir verslanir á svæðinu og í næsta nágrenni. Hið sama virðist að vissu marki gilda um atvinnulíf til frambúðar því með nýrri brú verða þau svæði sem hér um ræðir á sama atvinnusvæði og mun tengdari en í dag. Á það einkum við um Gnúpverjahrepp og Landsveit en einng ofanverð Holt.

<sup>23</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 66.



voru þó neikvæðastir hópanna. Þeir sem ekki eiga land að Þjórsá voru jákvæðari til áhrifa virkjunarinnar en landeigendur við ána.

**Tafla 7.1 Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu, útivist og samfélag**

eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir landareign að Þjórsá eða ekki <sup>24</sup>

%	Atvinnulíf til skamms tíma			Samgöngur			Atvinnulíf til fram-búðar			Verzlun			Ferða-þjónusta			Verð á fast-eignum			Útivist			Land-búnaður/-nýting			Veiði		
	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N
Kona	85	10	5	80	12	8	54	30	16	50	41	9	48	20	32	37	39	24	32	26	42	19	32	49	16	22	62
Karl	86	9	5	80	15	5	60	29	11	52	43	5	51	22	27	45	38	17	36	32	32	22	43	35	22	24	54
18-35 ára	77	16	7	65	24	11	45	39	16	34	51	15	36	24	40	32	30	38	28	16	56	16	26	58	19	12	69
36-55 ára	90	5	5	81	13	6	58	26	16	53	39	8	50	21	29	40	44	16	35	32	33	21	36	43	15	29	56
> 55 ára	85	11	4	86	10	4	62	29	9	58	40	2	55	19	26	46	38	16	37	34	29	23	44	33	23	23	54
< 4 ár	89	7	4	83	13	4	64	28	8	61	33	6	59	20	21	43	40	17	41	33	26	34	44	32	25	19	56
4-8 ár	87	11	2	80	15	5	57	33	10	48	47	5	49	19	32	44	34	22	31	29	40	23	35	42	20	25	55
> 8 ár	78	11	11	73	13	14	46	25	29	39	48	13	31	26	43	35	39	26	24	24	52	12	31	57	7	25	68
Landsveit	84	16	0	98	2	0	78	22	0	60	40	0	75	17	8	62	36	2	56	31	13	33	50	17	28	41	31
Holt	88	11	1	93	6	1	66	30	4	58	39	3	59	26	15	44	45	11	36	45	19	27	35	38	28	31	41
Gnúpverjahl.	82	9	9	76	11	13	61	21	18	54	34	12	49	16	35	42	31	27	38	24	38	26	29	45	22	20	58
Skeið	82	9	9	76	21	3	46	42	12	36	58	6	32	25	43	30	47	23	22	29	49	6	42	52	14	18	68
Sumarhús	88	5	7	57	35	8	30	45	25	46	47	7	27	27	46	32	43	25	14	23	63	7	46	47	4	17	79
Land að Þjórsá	88	5	7	74	20	6	46	44	10	45	49	6	34	29	37	33	41	26	24	31	45	20	34	46	13	17	70
Ekki land	86	10	4	82	12	6	61	26	13	53	40	7	54	19	27	45	38	17	37	30	33	21	39	40	22	25	53
<b>Meðaltal</b>	<b>86</b>	<b>9</b>	<b>5</b>	<b>80</b>	<b>14</b>	<b>6</b>	<b>57</b>	<b>30</b>	<b>13</b>	<b>51</b>	<b>42</b>	<b>7</b>	<b>49</b>	<b>21</b>	<b>30</b>	<b>42</b>	<b>38</b>	<b>20</b>	<b>34</b>	<b>30</b>	<b>36</b>	<b>20</b>	<b>38</b>	<b>42</b>	<b>19</b>	<b>23</b>	<b>58</b>

#### Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)

Þá eins og nú voru íbúar í Landsveit og Holtum mun jákvæðari til virkjunar en Gnúpverjar og sumarhúsaeigendur, þrátt fyrir að þá væri stöðvarhús Núpsvirkjunar áformað hinu megin Þjórsár og fasteignagjöld væru þar með greidd Gnúpverjahreppi. Nær allir íbúar á þessum svæðum árið 2001 (96-98%) álitu að áhrif af framkvæmdum við Núpsvirkjun myndu hafa jákvæð áhrif atvinnulíf á svæðinu til skamms tíma. Talsvert færri voru á þeirri skoðun hvað Hvammsvirkjun varðar árið 2016, en þó mikill meirihluti (82-88%). Þá má nefna að árið 2001 töldu 55% Gnúpverja, þar sem land mun helst fara undir vatn, að virkjun hefði neikvæð áhrif á landbúnað en nú var það hlutfall 45%. Þá töldu 68% þeirra 2001 að virkjun hefði neikvæð áhrif á veiði í Þjórsá en 58% Gnúpverja árið 2016. Hins vegar töldu 79% sumarhúsaeigenda nú að virkjun hefði neikvæð áhrif á veiðina en 60% þeirra árið 2001. <sup>25</sup>

23 þátttakendur í könnuninni sumarið 2016 (5%) komu með útskýringar á svörum sínum við þessari spurningu. Flestir þeirra nefndu líkleg áhrif á samfélag/atvinnulíf (9), hlunnindanýtingu (6) og samgöngur (5). Sjá öll svörin í viðauka 1.


<sup>24</sup> Í töflunni stendur **J** fyrir „jákvæð áhrif“, **E** fyrir „engin áhrif“ og **N** fyrir „neikvæð áhrif“.

<sup>25</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 67-68.*

## 7.5 Áhrif einstakra þátta Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu og útivist

Flestir þátttakendur í könnuninni sumarið 2016 sem afstöðu tóku voru á þeirri skoðun að nýir vegir/slóðar sem fylgdu Hvammsvirkjun, m.a. vegna nýrrar brúar yfir Þjórsá, yrðu jákvæðir fyrir útivist og ferðapjónustu á svæðinu (72%). Meirihluti taldi hins vegar (55%) að breytt rennsli Þjórsár hefði neikvæð áhrif á útivist og ferðapjónustu, nær helmingur að inntakslónið hefði neikvæð áhrif (48%) og litlu færri að stíflugarðarnir hefðu neikvæð áhrif (45%).<sup>26</sup>

**Mynd 7.9** Ætluð áhrif einstakra þátta Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu og útivist



Í töflu 7.2 eru þessar niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir því hvort viðkomandi eiga land að Þjórsá/hafa umráðarétt yfir landi þar eða ekki.

**Tafla 7.2** Ætluð áhrif einstakra þátta Hvammsvirkjunar á ferðapjónustu og útivist eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir landareign að Þjórsá eða ekki <sup>27</sup>

%	Nýir vegir og slóðar			Stíflugarður			Inntakslón			Breytt rennsli Þjórsár		
	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N
Kona	74	12	14	22	29	49	17	32	51	8	30	62
Karl	71	16	13	26	33	41	16	39	45	12	39	49
18-35 ára	62	18	20	25	21	54	20	23	57	13	28	59
36-55 ára	71	14	15	26	32	42	18	37	45	8	40	52
> 55 ára	78	13	9	22	34	44	13	40	47	10	34	56
< 4 ár eftir skyldu	78	13	9	26	34	40	18	39	43	11	42	47
4-8 ár	71	15	14	26	30	44	18	34	48	14	30	56
> 8 ár	64	15	21	18	23	59	11	30	59	1	29	70
Íbúar í Landsveit	90	7	3	41	45	14	32	56	12	17	39	44
Íbúar í Holtum	82	13	5	31	36	33	15	48	37	12	43	45
Íbúar í Gnúpverjah.	68	13	19	27	27	46	21	32	47	11	38	51
Íbúar á Skeiðum	69	19	12	11	33	56	11	27	62	10	29	61
Sumarhúsaeigendur	55	22	23	12	19	69	2	25	73	0	21	79
Land að Þjórsá	68	15	17	20	25	55	9	31	60	8	22	70
Ekki land að Þjórsá	74	14	12	26	33	41	19	37	44	11	39	50
<b>Meðaltal</b>	<b>72</b>	<b>15</b>	<b>13</b>	<b>24</b>	<b>31</b>	<b>45</b>	<b>16</b>	<b>36</b>	<b>48</b>	<b>10</b>	<b>35</b>	<b>55</b>

<sup>26</sup> 21-28% töldu sig ekki hafa forsendur til að meta áhrif af stíflugarðum, breyttu rennsli í Þjórsá eða af inntakslóni og 13% tóku ekki afstöðu til áhrifa af nýjum vegum/slóðum.

<sup>27</sup> Í töflunni stendur **J** fyrir „jákvæð áhrif“, **E** fyrir „engin áhrif“ og **N** fyrir „neikvæð áhrif“.

Í þessum niðurstöðum kom fram mjög svipað mynstur í svörum þátttakenda og þegar spurt var um áhrif af mögulegri Hvammsvirkjun á ferðaþjónustu, útivist og samfélag (tafla 7.1). Meirihluti meðal allra hópa voru sammála því að nýir vegir myndu hafa jákvæð áhrif (55-90%), helst íbúar í Landsveit en síst sumarhúsaeigendur. Hins töldu fáir að breytt rennsli Þjórsár myndi hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist (0-17%) en margir að þau yrðu neikvæð (44-79%). Yngsta fólkið, 18-35 ára, taldi mun frekar að áhrifin yrðu neikvæð en þeir eldri. Eins voru þeir sem mesta menntun höfðu talsvert neikvæðari en fólk með skemmri skólagöngu.

Íbúar í Landsveit voru í öllum tilvikum jákvæðastir, síðan íbúar í Holtum en íbúar á Skeiðum og í Gnúpverjahreppi neikvæðari. Sumarhúsaeigendur voru neikvæðastir hópanna. Sem dæmi um mikinn mun á afstöðu má nefna að 41% íbúa í Landsveit töldu stíflugarða Hvammsvirkjunar verða jákvæða fyrir ferðaþjónustu og útivist en aðeins 14% að þeir yrðu neikvæðir. Hins vegar töldu aðeins 11% íbúa á Skeiðum að stíflugarðarnir yrðu jákvæðir en 56% að þeir myndu hafa neikvæð áhrif. Þá töldu 69% sumarhúsaeigenda að áhrif stíflugarðanna yrðu neikvæð.

#### Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)


Helsti munur er sá að þá töldu færri að stíflan sjálf/ stíflugarða myndu hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu (36%) en svarendur árið 2016 (45%). Hins vegar töldu þá fleiri að breytt rennsli Þjórsár vegna virkjunar myndi hafa neikvæð áhrif (68%) en árið 2016 (55%).<sup>28</sup>

16 þátttakendur (3%) komu með útskýringar á svörum sínum. Þar af voru 13 gagnrýnin en 3 jákvæð á afleiðingar mögulegra framkvæmda. Sjá öll svörin í viðauka 1.

## 7.6 Áhrif mögulegrar brúar

Afstaða íbúa og sumarhúsaeigenda til áformaðrar brúar Þjórsá neðan við Hvammsvirkjun var almennt býsna jákvæð. Þannig töldu 76-86% þeirra sem afstöðu að hún myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, verslun og viðskipti, félagslíf og ferðaþjónustu á svæðinu. Þar af yrðu áhrifin á ferðaþjónustuna jákvæðust.<sup>29</sup> Afar fáir töldu að áhrif brúar yrðu neikvæð á þessa þætti (2-6%).

Mynd 7.10 Áhrif mögulegrar brúar á ferðaþjónustu og samfélag



<sup>28</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 69.*

<sup>29</sup> 6-14% töldu sig ekki geta dæmt um áhrif mögulegrar brúar á þessa þætti.

**Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Niðurstöður við þessari spurningu voru þá nánast þær sömu og nú. Munar aldrei meiru en 4% til eða frá miðað við mynd 7.10.<sup>30</sup>

Í töflu 7.3 eru þessar niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir því hvort viðkomandi eiga land að Þjórsá/hafa umráðarétt yfir landi þar eða ekki.

**Tafla 7.3 Ætluð áhrif mögulegrar brúar á ferðapjónustu og samfélag**

eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir landareign að Þjórsá eða ekki<sup>31</sup>

%	Ferðapjónustu			Félagslíf íbúa			Atvinnulíf			Verslun/viðskipti		
	J	E	N	J	E	N	J	E	N	J	E	N
Kona	85	9	6	80	18	2	79	19	2	77	21	2
Karl	88	6	6	81	16	3	80	18	2	75	24	1
18-35 ára	78	13	9	75	22	3	73	26	1	73	24	3
36-55 ára	88	6	6	78	22	0	82	18	0	72	27	1
> 55 ára	87	7	5	85	11	4	81	15	4	81	18	1
< 4 ár eftir skyldu	91	6	3	84	15	1	85	14	1	91	18	1
4-8 ár	83	11	6	82	17	1	79	20	1	75	24	1
> 8 ár	80	6	14	73	20	7	70	25	5	70	27	3
Íbúar í Landsveit	92	6	2	90	10	0	89	9	2	92	18	0
Íbúar í Holtum	93	2	5	90	10	0	89	11	0	81	18	1
Íbúar í Gnúpverjah.	84	7	9	78	17	5	79	16	5	76	21	3
Íbúar á Skeiðum	84	11	5	73	27	0	75	25	0	69	31	0
Sumarhúsaeigendur	74	19	7	73	25	2	65	35	0	71	27	2
Land að Þjórsá	84	11	5	85	14	1	83	15	2	77	22	1
Ekki land að Þjórsá	87	7	6	81	17	2	80	18	2	76	22	2
<b>Meðaltal</b>	<b>86</b>	<b>8</b>	<b>6</b>	<b>81</b>	<b>17</b>	<b>2</b>	<b>80</b>	<b>18</b>	<b>2</b>	<b>76</b>	<b>22</b>	<b>2</b>

30 Þátttakendur (6%) komu með útskýringar. Langflestir þeirra nefndu að fyrirhuguð brúargerð þyrfti ekki/ætti ekki að tengjast áformaðri Hvammsvirkjun eða töldu það óeðlilegt (18). Nokkrir nefndu beitu eða mútur í því samhengi (3). Aðrir nefndu að brúargerð ætti að vera á forræði Vegagerðarinnar en ekki Landsvirkjunar (5). Sjá öll svörin í viðauka 1.


<sup>30</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 72.

<sup>31</sup> Í töflunni stendur **J** fyrir „jákvæð áhrif“, **E** fyrir „engin áhrif“ og **N** fyrir „neikvæð áhrif“.

## 7.7 Útivist í nágrenni við fyrirhugaða Hvammsvirkjun


Spurt var hvort svarendur eða fjölskyldur þeirra nýttu sér nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar oft, sjaldan eða aldrei til útivistar, annars vegar að sumarlagi og hins vegar utan sumars. 37% kváðust nota svæðið oft til útivistar að sumarlagi (35% íbúa og 56% sumarhúsaeigenda) en 16% utan sumars (15% íbúa og 22% sumarhúsafólks). Nær helmingur nýtti svæðið ekkert til útivistar utan sumars og fjórðungur ekki að sumarlagi.

**Mynd 7.11 Útivist stunduð í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sumar og utan sumars**




Mikill munur var á útivist svarenda í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar eftir búsetu þeirra. Þannig stunduðu sumarhúsaeigendur á svæðinu, sem langflestir voru í Gnúpverjahreppi, og íbúar í Gnúpverjahreppi áberandi mest einhverja útivist á svæðinu að sumarlagi. Íbúar í Landsveit voru þó talsvert nærri þeim utan sumartíma. Íbúar í Holtum og Skeiðum stunduðu síst útivist þar.

**Mynd 7.12 Útivist stunduð í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sumar og utan sumars - eftir búsetu svarenda**



29% aðspurðra fara oft ríðandi um nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, 25% fara þar oft um í gönguferðum, 12% stunda oft veiði en aðeins 1-2% fara þar oft um á vélsleðum eða skíðum.

**Mynd 7.13 Tegund útivistar í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar**



Í töflu 7.4 eru niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir því hvort viðkomandi eiga land að Þjórsá/hafa umráðarétt yfir landi eða ekki. Má m.a. sjá að sumarhúsafólk stundar mest allra veiði en síst útreiðar í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar. Gnúpverjar stunda helst útreiðar. Þeir sem eiga land að Þjórsá stunda allar tegundir útivistar meira en þeir sem ekki eiga land að ánni en mestu munar þegar kemur að veiði og síðan gönguferðum.

**Tafla 7.4 Tegund og tíðni útivistar í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar**  
eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir landareign að Þjórsá eða ekki

%	Útreiðar			Gönguferð			Veiði			Vélsleðaferð			Skíðaferð		
	oft	sjaldan	aldrei	oft	sjaldan	aldrei	oft	sjaldan	aldrei	oft	sjaldan	aldrei	oft	sjaldan	aldrei
Kona	31	26	43	28	36	36	14	14	72	3	5	92	2	5	93
Karl	26	27	48	22	34	44	10	14	76	2	5	93	1	4	95
18-35 ára	32	26	42	32	34	34	18	14	68	4	9	87	3	10	87
36-55 ára	27	25	48	22	35	43	11	15	74	2	4	94	1	3	96
> 55 ára	29	27	44	23	37	40	11	14	75	1	5	94	0	5	95
< 4 ár	26	25	49	18	33	49	9	12	79	1	6	93	0	3	96
4-8 ár	29	28	43	25	38	37	14	14	72	3	4	93	2	3	96
> 8 ár	34	27	39	39	37	24	15	18	67	1	6	93	4	11	85
Landsveit	28	34	38	15	38	47	13	13	74	2	6	92	0	3	97
Holt	28	24	48	8	31	61	5	15	80	2	4	94	0	0	100
Gnúpverjahn.	39	30	31	32	33	35	12	14	74	2	7	91	3	8	89
Skeið	20	33	47	11	42	47	2	12	86	0	1	99	0	0	100
Sumarhús	16	5	79	56	35	9	34	16	50	6	5	89	1	12	87
Land að Þjórsá	34	29	37	41	33	26	37	16	47	3	8	89	1	6	93
Ekki land	27	25	48	20	36	44	6	13	81	2	4	94	1	4	95
<b>Meðaltal</b>	<b>29</b>	<b>26</b>	<b>45</b>	<b>25</b>	<b>35</b>	<b>40</b>	<b>12</b>	<b>14</b>	<b>74</b>	<b>2</b>	<b>5</b>	<b>93</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>94</b>

**Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Niðurstöður við þessari spurningu voru þá svipaðar og nú. Þó kváðust talsvert færri íbúar í Holtum og Landsveit stunda oft útvist á svæðinu þá (20% að sumarlagi og 6% utan sumars) en árið 2016 (27% og 13% séu svörin á þessu tveimur svæðum skoðuð saman).<sup>32</sup>

<sup>32</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útvist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 73-76.

21 þátttakendur (4%) nefndu aðra afþreyingu sem þeir höfðu stundað á svæðinu eða komu með athugasemdir við spurninguna. Þar af nefndu flestir hjólreiðar (7) en því næst kajakferð (2). Sjá má öll svörin í viðauka 1.


## 7.8 Afstaða til fullyrðinga um Hvammsvirkjun

Fólk var beðið um að segja álit sitt á eftirfarandi fullyrðingum.<sup>33</sup>

- *Hvammsvirkjun verður til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu.*
- *Það er rétt að nýta vatnsafl í neðri hluta Þjórsár til raforkuframleiðslu.*
- *Hvammsvirkjun og uppbygging ferðaþjónustu í nágrenninu fara vel saman.*
- *Hvammsvirkjun mun hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.*

Rétt um helmingur þeirra sem afstöðu tóku (51%) voru sammála því að Hvammsvirkjun yrði til hagsbóta fyrir íbúa og því að nýta eigi vatnsafl í neðanverðri Þjórsá til raforkuframleiðslu en rúmlega þriðjungur var ósammála (35%). Svarendur voru á báðum áttum um hvort virkjun og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu færu vel saman. Hins vegar var nær helmingur ósammála því að Hvammsvirkjun myndi hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn (47%) en rúmlega fjórðungur sammála (27%).

Mynd 7.14



Í töflu 7.5 eru svör þátttakenda við þessari spurningu greind nánar eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir því hvort viðkomandi eiga land að Þjórsá/hafa umráðarétt yfir landi þar eða ekki.

Þar má m.a. sjá að karlar eru mun frekar sammála fullyrðingunum en konur. Þá eykst hlutfall þeirra sem eru sammála með hækkandi aldri. Hins vegar eykst hlutfall þeirra sem eru ósammála fullyrðingunum með aukinni menntun. Sumarhúsaeigendur eru hins vegar helst ósammála þeim og síðan Skeiðamenn. Þeir sem eiga land að Þjórsá eru frekar ósammála fullyrðingunum en þeir sem ekki eiga land að Þjórsá.

<sup>33</sup> 7-14% tóku ekki afstöðu til einstakra fullyrðinga.

Tafla 7.5

## Skoðun á fullyrðingum um Hvammsvirkjun

eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu og eftir landareign að Þjórsá eða ekki <sup>34</sup>

%	Virkjunin verður til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu			Rétt að nýta vatnsafl Þjórsár til raforku-framleiðslu			Virkjunin og uppbygging ferðapjónustu fara vel saman			Virkjunin mun hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn		
	S	H	Ó	S	H	Ó	S	H	Ó	S	H	Ó
Kona	47	14	39	42	15	43	34	25	41	24	24	52
Karl	55	13	32	59	14	27	44	23	33	31	27	42
18-35 ára	43	12	45	42	13	45	31	21	48	27	21	52
36-55 ára	52	16	32	49	17	34	40	25	35	22	32	46
> 55 ára	54	13	33	56	13	31	44	23	33	32	23	45
< 4 ár eftir skyldu	58	15	27	63	12	25	45	28	27	32	36	32
4-8 ár	49	15	36	47	15	38	41	21	38	29	22	49
> 8 ár	44	7	49	37	15	48	30	18	52	15	16	69
Íbúar í Landsveit	65	26	9	63	18	19	52	36	12	36	27	37
Íbúar í Holtum	69	15	16	67	19	14	49	32	19	30	42	28
Íbúar í Gnúpverjahr.	51	11	38	53	12	35	46	15	39	31	25	44
Íbúar á Skeiðum	37	15	48	35	18	47	25	20	55	22	18	60
Sumarhúsa eigendur	29	7	64	32	8	60	19	25	56	14	16	70
Land að Þjórsá	40	11	49	39	9	52	34	16	50	29	14	57
Ekki land að Þjórsá	55	14	31	55	16	29	42	26	32	28	29	43
<b>Meðaltal</b>	<b>51</b>	<b>14</b>	<b>35</b>	<b>51</b>	<b>14</b>	<b>35</b>	<b>40</b>	<b>24</b>	<b>36</b>	<b>27</b>	<b>26</b>	<b>47</b>

## Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)

Niðurstöður við þessari fullyrðingaspurningu voru þá svipaðar og nú og röðunin sú saman frá „sammála“ til „ósammála“ eins og sjá má á mynd 7.14. Munurinn er sá Gnúpverjar voru nú frekar sammála því að virkjun og uppbygging ferðapjónustu á svæðinu færu vel saman (46%) en árið 2001 (30%). Hins vegar var því öfugt farið með sumarhúseigendur; færri voru nú sammála þessari fullyrðing (19%) en árið 2001 (36%). Gnúpverjar voru einnig fremur sammála því nú að virkjunin muni hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn (31%) en þeir voru 2001 (18%).<sup>35</sup>

37 þátttakendur (8%) komu með útskýringar á svörum sínum. Flestar snéru þær að samfélagi og atvinnulífi (10), nýtingu orkunnar (8), hlunnindum/veiði (3), ferðamönnun (3) og samgöngum (3). Sjá öll svörin í viðauka 1.

<sup>34</sup> Í töflunni stendur **S** fyrir „sammála“, **H** fyrir „hlutlaus“ og **Ó** fyrir „ósammála“.

<sup>35</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 76-78.



## 7.9 Afstaða til Hvammsvirkjunar




Hvammur í Landsveit.

48% þeirra sem afstöðu tóku voru jákvæðir til fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar þegar á heildina er litið, 16% voru hlutlausir en 36% neikvæðir.<sup>36</sup>

Mynd 7.15

Afstaða til Hvammsvirkjunar<sup>37</sup>



57% karla sem þátt tóku í könnuninni eru hlynntir Hvammsvirkjun en einungis 37% kvenna. Stuðningur við virkjunina vex með hækkandi aldri svarenda. Þannig eru 55% þeirra sem eru eldri en 55 ára hlynntir virkjuninni en 35% fólks 18-35 ára. Þá vex andstaðan við virkjun með aukinni menntun svarenda.

Þegar afstaða íbúa er skoðuð eftir búsetu og jafnframt afstaða sumarhúsaeigenda (nær allir í Gnúpverjahreppi) kemur í ljós að 72% íbúa í Landsveit voru jákvæðir til Hvammsvirkjunar og 61%


<sup>36</sup> 3% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.

<sup>37</sup> Til samanburðar má nefna að árið 2001 voru 50% íbúa og sumarhúsaeigenda jákvæðir til Núpsvirkjunar, 19% hlutlausir og 31% neikvæðir. Afstaða til virkjunar er því heldur neikvæðari nú en þá séu allir svarendur skoðaðir sem heild.

Íbúa í Holtum. Þá voru 49% íbúa í Gnúpverjahreppi jákvæðir til virkjunarinnar en 40% neikvæðir. Á Skeiðunum voru 32% íbúa jákvæðir en 44% neikvæðir. Meðal sumarhúsaeigenda voru aðeins 26% jákvæðir en 64% neikvæðir til Hvammsvirkjunar. 38% þeirra sem eiga land að Þjórsá voru jákvæðir til Hvammsvirkjunar en 56% neikvæðir. Dæmið snýst við hjá þeim sem ekki eiga þar land; 51% eru jákvæðir til virkjunarinnar en 31% neikvæðir.

Mynd 7.16

Afstaða til Hvammsvirkjunar eftir hópum



Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)

Niðurstaðan er sú að afstaða hópanna var svipuð til Núpsvirkjunar árið 2001 og hún er nú til Hvammsvirkjunar. Það má þó nefna að nú voru 49% Gnúpverja jákvæðir til virkjunar en 41% árið 2001. Hins vegar voru 38% sumarhúsaeigenda neikvæðir til Núpsvirkjunar árið 2001 en 64% þeirra neikvæðir til Hvammsvirkjunar nú. Skeiðamenn voru ekki spurðir um Núpsvirkjun árið 2001 en þeir voru neikvæðastir íbúa eftir svæðum til Hvammsvirkjunar (44%). Árið 2001 voru þeir hins vegar spurðir um afstöðu til Urriðafossvirkjunar og voru 55% jákvæðir til hennar, 30% hlutlausir en 15% neikvæðir. Karlar voru þá eins og nú mun jákvæðari til virkjunar (62%) en konur (33%) og eldra fólk fremur en það yngra. Í báðum tilvikum var fólk í yngsta aldurshópnum fremur neikvætt en jákvætt til virkjunar.<sup>38</sup>

<sup>38</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 79-80.

63 þátttakendur (13%) komu með útskýringar á svörum sínum og má sjá þær allar í viðauka 1. Flestar voru gagnrýnar á fyrirhugaðar framkvæmdir. Margar snéru þær að landslagi/náttúru (14) og nýtingu orkunnar (19) en síðan að jákvæðum áhrifum mögulegrar Hvammsvirkjunar (8), samgöngum (7), hlunnindum/veiði (6), mögulegri náttúruvá (3) og reiðleiðum (2).

## 7.10 Athugasemdir og ábendingar


41 þátttakandi í könnuninni (8,5%) kom með athugasemdir eða ábendingar að lokum. Nokkrir áréttuðu þar andstöðu við virkjunaráformin (6), komu með ábendinga eða athugasemdir við innihald eða framkvæmd könnunarinnar (6), lýstu yfir áhyggjum af mögulegum áhrifum á lífríki/hlunnindi (5), settu spurningamerki við tilgang virkjunarinnar (5) og tekjur af henni (4). Nokkrir hvöttu til þess að verkið yrði hafið hið fyrsta (4), aðrir tjáðu sig um brú og staðsetningu hennar (3), reiðleiðir/gönguleiðir (2) og nafn virkjunarinnar (2). Sjá allar athugasemdir og ábendingar í viðauka 1.

## 7.11 Svör ferðapjónustuaðila við sérspurningum

Í könnuninni voru þeir þátttakendur svæðinu er stunda einhverskonar ferðapjónustu spurðir fjögurra viðbótarspurninga. Alls svöruðu 79 aðilar þeim spurningum og voru því eitthvað í ferðapjónustu (oft tveir eða fleiri sem svöruðu á sama staðnum). Af þeim voru 71 íbúar (17% þeirra) en 8 sumarhúsaeygendur sem leigðu út hús sín til gistingar (líklega mest Airbnb). Af öllum þeim sem voru eitthvað í ferðapjónustu voru 35 í Gnúpverjahreppi (þar af 8 bústaðaeigendur), 23 í Landsveit, 15 í Holtum og 6 á Skeiðum. Flestir buðu upp á gistingu (77%) en síðan einhverskonar afþreyingu (45%) eða skoðunarferðir (37%). Fáir voru með veitingar eða verslun (4-5%).

Mynd 7.17

Tegund ferðapjónustu í boði




Svarendur í ferðapjónustu gátu nefnt annað og það gerðu 10 aðilar (13% þeirra). Þar af nefndu 6 hestaferðir (hestaferðir eru mjög líklega einnig eitthvað inni í „afþreyingu“ og „skoðunarferðum“), einn að hann væri með ferðaskrifstofu, annar bauð upp á sófagistingu og sá þriðji vatnaveiði.

45% ferðapjónustuaðilanna töldu að Hvammsvirkjun hefði jákvæð áhrif á ferðapjónustu þeirra, 25% töldu að áhrifin yrðu engin en 30% að þau yrðu neikvæð.

Mynd 7.18

Áhrif Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu þína/ykkar þeir sem afstöðu tóku<sup>39</sup>




11 ferðaþjónustuaðilar útskýrðu svar sitt við þessari spurningu (14% þeirra) eða komu með ábendingar. Sjá viðauka 1.

Ferðaþjónustuaðilar voru spurðir í átta liðum hvað mikilvægast væri að gera til að fjölga ferðamönnum á svæðinu. Flestir töldu mikilvægt að lagfæra vegi (82%) og að fjölga gönguleiðum (76%). Síðan að bæta/gefa út gönguleiðakort (69%), bæta reiðleiðir (64%) og auka skipulagða afþreyingu (61%). Helmingur taldi mikilvægt að leggja nýja vegi (50%) og bæta aðra þjónustu (49%). Færri töldu mikilvægt að bæta tjaldstæði (31%) eða gistimöguleika (28%). Einungis 3% vildu óbreytt ástand.

Mynd 7.19

Aðgerðir til að fjölga ferðamönnum á svæðinu




<sup>39</sup> 9% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.

68% töldu að ný brú yfir Þjórsá myndi hafa jákvæð áhrif á ferðapjónustu þeirra, 25% álitu að brúin myndi engin áhrif hafa en 7% þau yrðu neikvæð.

**Mynd 7.20**

**Áhrif nýrrar brúar á ferðapjónustu þína/ykkar**  
þeir sem afstöðu tóku<sup>40</sup>



Fjórir ferðapjónustuaðilar útskýrðu svar sitt við þessari spurningu eða komu með ábendingar. Sjá viðauka 1.

<sup>40</sup> 8% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.

## 8.0 Ferðamenn í nágrenninu sumarið 2016; samanburður við 2001


### 8.1 Kyn, aldurshópar, menntun og búseta

Eins og kom fram í innganginum fengust alls 471 gild svör í gestakönnuninni Gnúpverjahreppi sumarið 2016; 317 meðal erlendra ferðamanna og 154 meðal Íslendinga.

Konur voru 47% svarenda meðal erlendra ferðamanna og karlar 53%. Meðal Íslendinga var skiptingin nánast sú sama, konur 46% en karlar 54%.


Erlendir ferðamenn voru flestir í aldurshópnum 18-35 ára (42%). Íslendingar voru hins vegar fjölmennastir í aldurshópnum yfir 36-55 ára (55%). Meðalaldur erlendra gesta í könnuninni var 41 ár en 51 ár meðal Íslendinga. Þá voru erlendu gestirnir að jafnaði með umtalsvert lengri skólagöngu að baki en Íslendingar. Þannig voru 55% þeirra með yfir 8 ára skólagöngu eftir grunnskóla en 30% Íslendinga.

Mynd 8.1



28% erlendu ferðamanna sem tóku þátt í könnuninni sumarið 2016 voru frá Mið-Evrópu og sama hlutfall frá Suður-Evrópu og 18% frá Norður-Ameríku. Mun færri voru frá Benelux löndunum (9%), Bretlandi (8%), Norðurlöndunum (5%) eða annars staðar frá (4%).

Mynd 8.2




70% Íslendinga í könnuninni voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en 30% á landsbyggðinni.

## 8.2 Föruneyti, ferðamáti og farartæki

Erlendu þátttakendurnir voru mest með maka eða ættingjum í för en síðan með vinum. Íslendinga voru hins vegar meira með börn í föruneyti sínu.


74% erlendra gesta í könnuninni og nær allir Íslendinga voru í ferð á eigin vegum. 19% erlendu gestanna voru í ferð sem var að hluta skipulögð af öðrum, svo kölluð "self drive" ferð, og 7% í skipulagðri hópferð.

Mynd 8.3



### 8.3 Staðir sem heimsóttir voru

Í vettvangskönnuninni meðal innlendra og erlendra gesta sumarið 2016 var sýnt meðfylgjandi kort af svæði innan Árnessýslu og Rangárvallasýslu með 24 stöðum. Var fólk beðið að merkja við þá staði sem það hafði heimsótt í ferðinni eða sem það áformaði að heimsækja það sem eftir lifði ferðar. Var þetta gert til að átta sig á ferðamynstri svarenda á svæði sem nær í um 1-1,5 klst akstursfjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.



Kort 8.1 Kort í gestakönnun sumarið 2016.

Landsvirkjun 2016.


Af þessum stöðum höfðu erlendir ferðamenn helst komið í Landmannalaugar en síðan á ýmsa af stöðunum í Þjórsárdal eins og Íslendingar. Íslendingar komu einnig mikið í Árnes, á smærri þéttbýlisstaði í uppsveitum Árnessýslu og víðar.



Við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal.



**Mynd 8.4 Staðir sem svarendur höfðu komið á í ferðinni eða áformuðu að gera <sup>41</sup>**



Þá fóru Íslendingar mun frekar en erlendu ferðamennirnir í Þjórsárstofu, að Skálholti, vindmyllunum og Hrauneyjum. Erlendu gestirnir fóru hins vegar frekar að Heklu, í Gömlu laugin á Flúðum og í Hekluasetið að Leirubakka.

**Staðir sem erlendir ferðamenn komu sérstaklega til að skoða á Suðurlandi :**

Geysir (7%), fossar, Gullfoss (4%), Þingvellir, Landmannalaugar, jöklar, eldfjöll, Hjálparfoss (3%), Vík, Hekla (2%), Háifoss, Eyjafjallajökull, Stöng, Gjáin, Þjóðveldisbærinn (1%).

**Staðir sem Íslendingar komu til að skoða á svæðinu á kortinu:**


Gjáin (13%), Stöng (12%), Háifoss (8%), Hjálparfoss (7%), Þjóðveldisbærinn (6%), Þjórsárdalur (5%), Landmannalaugar (3%), hálendið (2).

**8.4 Dvalarlengd, gistinætur og gistimáti**

24% erlendra ferðamanna í könnuninni fóru um svæðið á kortinu í dagsferð en 76% gistu þar, að jafnaði í 2,4 nætur af 12,8 náttu meðaldvöl á Íslandi. Þá voru 18% Íslendinganna í dagsferð en 82% gistu, að jafnaði í 3,0 nætur á viðkomandi svæði af 6,4 náttu ferðalagi að heiman. Nær helmingur erlendu svarendanna gistu í 1-2 nætur á svæðinu (48%) en mun færri í 3-4 nætur (19%) eða 5 nætur eða lengur (9%). Flestir Íslendinganna gistu einnig í 1-2 nætur á svæðinu (34%), litlu færri í 3-4 nætur (28%) og allmargir í 5 nætur eða lengur (20%).


<sup>41</sup>. Svör á könnunarstöðunum fjórum; í Árnesi, við Þjóðveldisbæinn, Hjálparfoss og Stöng eru ekki höfð með í niðurstöðum hvað varðar þá staði til að skekkja ekki myndina. Þannig eru svör sem fengust við Þjóðveldisbærinn ekki höfð með þegar sýnt er hlutfall gesta sem fóru þangað o.s.frv.

Mynd 8.5



Af þeim erlendu ferðamönnum sem gistu á svæðinu og gáfu upp gistimáta sinn (175 svarendur) gistu 35% á tjaldsvæði, 21% á hóteli og 20% á gistiheimili, 8% á Airbnb gistað, 6% í bændagistingu, 5% í sumarhúsi og 2% í annars konar gistingu. Íslendingar gistu langmest á tjaldsvæði (83%) en síðan í sumarhúsi (13%).

Mynd 8.6



## 8.5 Komið áður/kunnugur

Spurt var hvort svarendur hefðu komið áður á svæðið þar sem könnunin fór fram (í Gnúpverjahrepp). Niðurstaðan var sú að einungis 10% erlendu ferðamanna höfðu komið áður en 84% Íslendinganna. Erlendu endurkomugestirnir höfðu að jafnaði komið í 1,5 skipti áður en endurkomu-Íslendingar í 4,6 skipti. 26% erlendu þátttakendanna (62 svarendur) og 43% Íslendinga (51 svarandi) sögðust þekkja nærsvæði virkjunarinnar sem hér segir:

### Erlendir gestir (62 svör)

Farið um/keyrt í gegn (44), af myndum (11), af korti (5), hef unnið hér (2).

### Íslendingar (51 svör)


Farið um svæðið/oft (36), eru af svæðinu/stutt frá (3), veitt á svæðinu (3), sumarhús í nágrenninu (3), stundað gönguferðir (2), í sveit (2), stundað ljósmyndun (1), mælingavinna (1).

## 8.6 Ástæður komu

Þátttakendur í gestakönnuninni voru spurðir um ástæður komu á svæðið sem sýnt var á korti 8.1. Var fólk beðið um að merkja við 14 þætti; hvort þeir hefðu verið mjög mikilvægir, fremur mikilvægir, fremur léttvægir eða skiptu ekki máli. Auk þess var hægt að nefna annað. Niðurstöðurnar má sjá í mynd 8.7 (erlendir ferðamenn) og mynd 8.8 (innlendir ferðamenn).

Allir erlendu gestirnir töldu það að njóta náttúrunnar vera mjög eða fremur mikilvæga ástæðu komu á svæðið. Síðan að njóta útiveru (97%), njóta kyrrðar (91%), njóta hálendisins (88%), skoða ákveðinn stað (77%), skoða menningar- og söguminjar (75%) og kynnast lífsmáta heimamanna (73%). Þá töldu nær tveir þriðju að það að njóta samvista með fjölskyldu og vinum skipti mjög eða fremur miklu máli (62%) og rúmlega helmingur það að reyna á sig líkamlega, t.d. með gönguferðum (57%). Hins vegar töldu mun færri það að skoða mannvirki (40%) eða stunda fuglaskoðun (36%) hefðu verið mikilvægar eða fremur mikilvægar ástæður komu á svæðið og fæstir töldu svo vera með heimsókn til vina (14%), hestaferð (14%) eða stangveiði (9%).


Mynd 8.7 Ástæður fyrir komu erlendra ferðamanna á svæðið



Ástæður Íslendinga fyrir að heimsækja svæðið voru nokkuð frábrugðnar því sem þær voru hjá erlendum ferðamönnum. Þó töldu Íslendingar eins og erlendu gestirnir það að njóta náttúru og útiveru vera mjög eða fremur mikilvæga ástæður (98%) og síðan að njóta kyrrðar (94%). Í fjórða sæti hjá Íslendingum var að vera með fjölskyldu og vinum (90%) en síðan að skoða menningar- og söguminjar (79%), njóta hálendisins (75%) og skoða ákveðinn stað (66%). Hins vegar töldu mun færri landsmenn það að skoða mannvirki (45%), reyna á sig líkamleg (43%) eða að kynnast lífsmáta heimamanna (37%) hefðu verið mikilvægar eða fremur mikilvægar ástæður komu á svæðið og fæstir töldu svo vera með heimsókn til vina (23%), stangveiði (18%), fuglaskoðun (12%) og hestaferð (9%).

Mynd 8.8

Ástæður fyrir komu Íslendinga á svæðið




Á mynd 8.9 má betur sjá þennan mun á ástæðum fyrir komum erlendra og innlendra ferðamanna á svæðinu á korti 8.1. Samanburðurinn sýnir hlutfall þeirra sem töldu viðkomandi þætti vera mjög eða fremur mikilvæga ástæðu fyrir komu.

Mynd 8.9

Mjög eða fremur mikilvægar ástæður fyrir komu á svæðið

samanburður á erlendum og innlendum gestum



## 8.7 Afþreying




Gönguhópur á ferð.

Ferðamennirnir voru spurðir um afþreyingu á svæðinu á korti 8.1, alls 14 þætti. Erlendir ferðamenn merktu flestir við að þeir hefðu stundað gönguferðir (84%), ljósmyndun (60%), baðað sig í heitri uppsprettu (47%) og skoðað jarðmyndanir (44%). Íslendingar fóru einnig mikið í gönguferðir (75%) en síðan frekar í sund (54%) og skoðuð mannvirki (53%) en erlendu gestirnir.

Mynd 7.10

Afþreying á svæðinu sem kortið spannar




## 8.8 Afstaða til nýtingar mismunandi orkugjafa á Íslandi

Spurt var um afstöðu ferðamannanna til nýtingar efirtalinnna orkugjafa á Íslandi: vatnsafls, gufuafls, vindorku, líforku, olíu og sjávarfallaorku. Var fólk beðið um að greina frá afstöðu sinni til þeirra allra og þá hvort hún væri mjög jákvæð, fremur jákvæð, hlutlaus, fremur neikvæð eða mjög neikvæð.

Erlendir ferðamenn voru jákvæðastir til nýtinga gufuafls á Íslandi (95% mjög eða fremur jákvæðir) og síðan til vindorku (77%) en því var öfugt farið með Íslendinga (79% og 85%). Í 3-4 sæti hjá báðum hópum komu svo vatnsafl og sjávarfallaorka (67-77%). Þar töldu erlendu gestirnir vatnsorkuna nokkru vænlegri en Íslendingarnir sjávarfallaorkuna. Líforka þótti síður vænleg (53% beggja hópa) en fremur fáir töldu hana þó neikvæðan kost (17%). Olían vermdi örugglega botnsætið hjá báðum hópum en aðeins 5% erlendu ferðamannana og 16% Íslendinga voru mjög eða fremur jákvæðir til nýtingar hennar. Að sama skapi voru margi neikvæðir til nýtingar olíu, eða 77% erlendu gestanna og 61% Íslendinga.

Algengara var að svarendur lýstu yfir hlutleysi við mat á sjávarfallaorku og líforku en öðrum orkukostum og sama má segja um Íslendinga hvað olíunýtingu varðar. Kann það að hluta að skýrast af takmarkaðri þekkingu svarenda á þeim orkukostum.

Mynd 8.11 Afstaða til nýtingar mismunandi orkugjafa á Íslandi



50 erlendir gestir (16% þeirra) og 9 Íslendinga (6%) komu með útskýringar á svörum sínum við spurningunni. Margir voru þar að lýsa yfir stuðningi sínum við sjálfbæra orku og orkunýtingu. Sjá má allar útskýringarnar í viðauka 3.


## 8.9 Afstaða til þátta er tengjast vatnsaflsvirkjunum

Spurt var um afstöðu ferðamannanna til sjö þátta er tengjast vatnsaflsvirkjunum: stíflumannvirkja, inntakslóna, stöðvarhúsa, tengivirkja, háspennulína, vega/slóða og minnkaðs/breytts rennslis vatnsfalla. Var fólk beðið um að greina frá því hvort afstaða þeirra til þessara þátta væri jákvæð eða neikvæð. Auk þess gat fólk merkt við „veit ekki“ ef það taldi sig ekki dómbært á viðkomandi þætti. Sökum þess hve margir tóku ekki afstöðu eru þeir hafðir með í mynd 8.12.

Niðurstaðan er sú að 32-52% erlendra gesta tóku ekki afstöðu til þáttanna, flestir ekki til tengivirkja. Mun lægra hlutfall innlendra ferðamanna tóku ekki afstöðu, oftast á bilinu 17-22%, með þeirri undantekningu að aðeins 9% tóku ekki afstöðu til háspennulína.

Af þeim sem afstöðu tóku voru flestir á því að háspennulínur og breytt rennsli vatnsfalla væru neikvæðustu fylgifiskar vatnsaflsvirkjana (4-5 sinnum fleiri neikvæðir en jákvæðir) og síðan tengivirki. Þá voru Íslendingar mun neikvæðari til inntakslóna en erlendir ferðamenn. Landsmenn voru hins vegar mun fleiri jákvæðir en neikvæðir til vega og slóða sem fylgja virkjunum en ferðamenn á báðum áttum. Þá voru Íslendingar einnig jákvæðari en erlendir gestir til stöðvarhúsa vatnsaflsvirkjana. Stíflumannvirki þóttu fremur neikvæð en jákvæð hjá báðum hópum þó þar muni ekki mjög miklu.

Mynd 8.12 Afstaða til þátta er tengjast vatnsaflsvirkjunum



## 8.10 Afstaða til fullyrðinga


Fólk var beðið um að segja álit sitt á eftirfarandi fullyrðingum.<sup>42</sup>

- *Vatnsaflsvirkjanir gera landslag síðra.*
- *Ég vil frekar sjá vatnsaflsvirkjanir á láglendi en í óbyggðum á hálendi.*
- *Hvammsvirkjun og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu fara vel saman.*
- *Hvammsvirkjun getur aukið nýsköpun í ferðapjónustu.*

Talsverður meirihluti beggja hópa var sammála því að vatnsaflsvirkjanir gerðu landslag síðra og fremur fáir voru því ósammála. Talsvert skiptari skoðanir voru um aðrar fullyrðingar. Stór hluti erlendra ferðamanna var þó ósammála því að Hvammsvirkjun gæti aukið nýsköpun í ferðapjónustu (43%). Hóparnir voru klofnir til afstöðu til þess hvort vatnsaflsvirkjanir ættu fremur að vera á láglendi en í óbyggðum á hálendi. Erlendir ferðamenn eru nokkru fremur á þeirri skoðun að betra sé að staðsetja þær á láglendinu en Íslendingar ekki.

Mynd 8.13

Afstaða til fullyrðinga um Hvammsvirkjun og vatnsaflsvirkjanir almennt<sup>43</sup>



32 erlendir gestir (10% þeirra) og 10 Íslendingar (6%) komu með útskýringar á svörum sínum við spurningunni. Sjá má þær allar í viðauka 3.

<sup>42</sup> 7-14% tóku ekki afstöðu til einstakra fullyrðinga.


<sup>43</sup> 9-23% erlendu þátttakendanna tóku ekki afstöðu til fullyrðinganna og 4-18% Íslendinganna.



## 8.12 Sjónræn áhrif Hvammsvirkjunar

Um tveir af hverjum þremur svarendum, bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna álitu að sjónræn áhrif af Hvammsvirkjun yrðu neikvæð en um fjórðungur að þau yrðu engin. 12% Íslendinga álitu að sjónrænu áhrifin myndu verða jákvæð en aðeins 3% erlendu ferðamannanna.

Mynd 8.14



Í töflu 8.1 eru þessar niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, menntun og búsetu. Þar má m.a. sjá að íbúar í Mið-Evrópu og Benelux löndunum töldu frekar að virkjunin myndi hafa neikvæð sjónræn áhrif en íbúar annarra markaðssvæða. Hvað Íslendinga varðað þá töldu þeir sem voru með háskólamenntun helst að Hvammsvirkjun myndi hafa neikvæð sjónræn áhrif og íbúar á höfuðborgarsvæðinu frekar en landsbyggðarfólk.

Tafla 8.1

### Ætluð sjónræn áhrif af Hvammsvirkjun

eftir kyni, aldurshópum, menntun og markaðssvæðum/búsetu

%	Erlendir ferðamenn			Íslendingar		
	Neikvæð	Engin	Jákvæð	Neikvæð	Engin	Jákvæð
Kona	72	24	4	66	25	9
Karl	66	31	3	65	20	15
18-35 ára	69	27	4	50	43	7
36-55 ára	66	31	3	72	31	7
> 55 ára	71	25	4	69	20	21
< 4 ár eftir skyldu	70	19	11	51	29	20
4-8 ár	64	34	2	67	21	12
> 8 ár	73	24	3	79	19	2
Norðurlönd	56	38	6			
Mið-Evrópa	71	25	4			
Benelux	80	17	3			
Bretland	73	16	8			
Suður-Evrópa	66	30	3			
Norður-Ameríka	62	36	2			
Aðrir	50	50	0			
Höfuðborgarsvæði				71	22	7
Landsbyggð				54	24	22
<b>Meðaltal</b>	<b>69</b>	<b>28</b>	<b>3</b>	<b>65</b>	<b>23</b>	<b>12</b>

<sup>44</sup> 95% erlendra ferðamanna og 92% Íslendinga svöruðu spurningunni.

## 8.12 Helstu áhrif af fyrirhuguðum mannvirkjum



Tölvugerð mynd af áformaðri Hvammsvirkjun og Hagalóni.

Verkfræðistofan EFLA.


Í könnuninni var spurt: *Hver telur þú að verði helstu áhrif af fyrirhuguðum mannvirkjum?*

255 svöruðu spurningunni; 171 erlendir ferðamenn (54% þeirra) og 84 Íslendingar (55%). Allmargir nefndu tvennt, nokkrir þrennt og fáeinir fernt. Flokkuð svör þátttakenda fara hér á eftir.

Mynd 8.15

### Ætluð áhrif af fyrirhuguðum mannvirkjum vegna Hvammsvirkjunar


171 erlendir ferðamenn og 84 Íslendingar



### 8.13 Áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun af svæðinu

Rúmlega helmingur svarenda, bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna, sem afstöðu tóku álitu að Hvammsvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra af sveitunum. Þá töldu 38-45% að áhrif virkjunar á upplifun að svæðinu yrðu engin en aðeins 3-6% að þau yrðu jákvæð.<sup>45</sup>

**Mynd 8.16** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun af sveitunum í kring



**Tafla 8.2** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun af sveitunum í kring eftir kyni, aldurshópum, menntun og markaðssvæðum/búsetu

%	Erlendir ferðamenn			Íslendingar		
	Neikvæð	Engin	Jákvæð	Neikvæð	Engin	Jákvæð
Kona	59	39	2	61	35	4
Karl	44	51	5	52	40	8
18-35 ára	51	48	1	50	50	0
36-55 ára	51	44	5	60	37	3
> 55 ára	52	44	4	53	35	12
< 4 ár eftir skyldu	55	41	4	47	41	12
4-8 ár	48	49	3	53	43	4
> 8 ár	54	42	4	75	22	3
Norðurlönd	61	39	0			
Mið-Evrópa	62	31	7			
Benelux	45	52	3			
Bretland	45	55	0			
Suður-Evrópa	49	51	0			
Norður-Ameríka	40	55	5			
Aðrir	30	60	10			
Höfuðborgarsvæði				61	35	4
Landsbyggð				45	44	11
<b>Meðaltal</b>	<b>52</b>	<b>45</b>	<b>3</b>	<b>56</b>	<b>38</b>	<b>6</b>

#### Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)


Árið 2001 var spurt hvort svarendur teldu að Núpsvirkjun myndi hafa áhrif á upplifun þeirra af sveitunum í kring, „já“, „nei“ eða „veit ekki“. Ef svarað var „já“ var áfram spurt: „Hvaða áhrif?“ Niðurstaðan var sú að 80% þeirra erlendu ferðamanna og 38% Íslendinga sem afstöðu tóku töldu að virkjunin myndi hafa áhrif á upplifun þeirra. Þeir erlendu ferðamenn sem útskýrðu afstöðu sína nefndu langflestir neikvæða þætti og um þrjú af hverjum fjórum Íslendingum. 22% erlendra gesta og 27% Íslendinga tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.<sup>46</sup>

<sup>45</sup> 25% erlendra gesta og 17% Íslendinga tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“.

## 8.14 Áhrif Hvammsvirkjunar á komur á svæðið í framtíðinni

23% erlendra gesta og 38% Íslendinga töldu að þeir kæmu síður á svæðið ef af framkvæmdum yrði en 15% erlendra gesta og 9% Íslendinga að þeir myndi frekar koma. 63% erlendra gesta og 53% Íslendinga álitu að Hvammsvirkjun myndi engin áhrif hafa á komur þeirra í framtíðinni.

**Mynd 8.17** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á komur á svæðið í framtíðinni <sup>47</sup>



**Tafla 8.3** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á komur á svæðið í framtíðinni eftir kyni, aldurshópum, menntun og markaðssvæðum/búsetu

%	Erlendir ferðamenn			Íslendingar		
	Kæmi frekar	Engin áhrif	Kæmi síður/ekki	Kæmi frekar	Engin áhrif	Kæmi síður/ekki
Kona	15	61	24	9	46	45
Karl	16	65	19	9	59	32
18-35 ára	18	61	21	0	39	61
36-55 ára	11	67	22	7	55	38
> 55 ára	19	60	21	14	54	32
< 4 ár eftir skyldu	20	63	17	12	61	27
4-8 ár	9	69	22	12	59	29
> 8 ár	19	59	22	3	36	61
Norðurlönd	0	73	27			
Mið-Evrópa	9	61	30			
Benelux	11	70	19			
Bretland	17	61	22			
Suður-Evrópa	25	59	16			
Norður-Ameríka	17	74	9			
Aðrir	13	38	49			
Höfuðborgarsvæði				5	54	41
Landsbyggð				18	52	30
<b>Meðaltal</b>	<b>15</b>	<b>63</b>	<b>22</b>	<b>9</b>	<b>53</b>	<b>38</b>

### Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)

Sumarið 2001 var niðurstaðan við svipaðri spurningu sú að 9% Íslendinga töldu að þeir myndu koma sjaldnar á svæðið ef af Núpsvirkjun yrði en 8% að þeir myndu koma oftar. 83% töldu að þeir myndu koma jafnt eftir sem áður. Erlendir ferðamenn fengu þá ekki þessa spurningu. <sup>48</sup>

<sup>46</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útvist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 93-94.

<sup>47</sup> 10% svarenda, bæði erlendra gesta og Íslendinga, tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“.

## 9.0 Fagfólk í ferðapjónustu 2016; samanburður við 2001

Niðurstöðurnar í þessum kafla byggja á svörum 30 aðila sem starfa í ferðapjónustu og gera eitthvað út á nágrenni mögulegrar Hvammsvirkjunar. Af þeim voru 18 forsvarsmenn ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda, hópferðafyrirtækja, ferðafélaga og afþreyingarfyrirtækja. Þá tóku 12 leiðsögumenn sem voru með hópa ferðamanna á svæðinu sumarið 2016 þátt í könnuninni. Svöruðu þeir einkum á stöðum í Þjórsárdal en einnig í Árnesi. Svörum var safnað á tímabilinu maí til ágúst 2016.

### 9.1 Kyn og aldurshópar

Karlar voru 73% svarenda í könnuninni en konur 27%. Aldursskipting var þannig að 7% voru yngri en 35 ára, 60% 36-55 ára og 33% eldri en 55 ára. Meðalaldur svarenda var 51 ár.


### 9.2 Stærð fyrirtækis

Spurt var um stærð þess fyrirtækis sem viðkomandi var í forsvari fyrir eða var leiðsögumaður hjá. Af 30 svarendum töldu 14 að fyrirtækið væri stórt á sínu sviði miðað við íslenskan mælikvarða (47%), 11 að það væri miðlungs (36%) en 5 að það væri lítið (5%).

### 9.3 Tíðni ferða í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar

Spurt var hvort fyrirtækið skipulegði oft, sjaldan eða aldrei ferðir um nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar að sumarlagi (júní, júlí, ágúst), vor/haust (mars, apríl, maí, september, október) og/eða yfir helstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember, desember).<sup>49</sup> Niðurstaðan er sú að 63% fóru oft í ferðir um svæðið að sumarlagi, 37% oft að vori/hausti og 22% oft að vetrarlagi. Þá var algengt að þangað væri stundum farið, helst að vori og hausti (52%) en síður að sumarlagi (30%). Þriðjungur fór ekki í skipulagðar ferðir um svæðið yfir helstu vetrarmánuðina.

**Mynd 9.1** Tíðni ferða í nágrenni Hvammsvirkjunar eftir árstíðum



<sup>48</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022.* Bls. 94.

<sup>49</sup> Þrír svöruðu ekki spurningunni og voru það allt leiðsögumenn.


## 9.4 Staðir sem helst eru skoðaðir



Gjáin í Þjórsárdal.

Fagfólkið var spurt hvaða staðir væru helst skoðaðir í skipulögðum ferðum um svæðið í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar (opin spurning). Hægt var að nefna nokkra staði. Alls 26 svöruðu og af þeim nefndu 24 staði í Þjórsárdal eða dalinn sjálfan, eða 92%. Staðir í dalnum raðast í efstu fimm sætin. Áberandi flestir fóru að Stöng (54%) en síðan í Gjána, að Hjálparfossi, Háafossi (35%) og Þjóðveldisbænum (31%).<sup>50</sup> Einungis einn nefndi Gaukshöfða (4%).

**Mynd 9.2** Helstu staðir em skoðaðir voru í skipulögðum ferðum í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar



## 9.5 Áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun ferðamanna af svæðinu


Spurt var hvaða áhrif fagfólkið teldi að Hvammsvirkjun hefði á upplifun ferðamanna af svæðinu. 25 tóku afstöðu til spurningarinnar.<sup>51</sup> Af þeim töldu 13 (52%) að virkjunin myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra, 11 (44%) töldu að virkjunin myndi engin áhrif hafa og einn (4%) að hún myndi hafa jákvæð áhrif.<sup>52</sup>

<sup>50</sup> *Ljóst er að mun hærra hlutfall þátttakenda en hér kemur fram skipuleggur ferðir eða leiðsegir í ferðum í Landmannalaugar en líta líklega þannig á staðurinn sé ekki í nágrenni við fyrirhugaða Hvammsvirkjun, sem má teljast rökrétt.*

<sup>51</sup> *Fjórir tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“ en einn svaraði spurningunni ekki.*

<sup>52</sup> *Þessi niðurstaða er í mög góðu samræmi við svör erlendu ferðamannanna hér að framan sbr. mynd 8.16. Þannig virðist fagfólkið hafa fingurinn á púlsinum, ef svo má segja.*

**Mynd 9.3** Ætluð áhrif Hvammsvirkjunnar á upplifun ferðamanna af nágrenninu þeir sem afstöðu tóku<sup>53</sup>




**Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Sumarið 2001 var niðurstaðan af svipaðri spurningu meðal 33 fagaðila í ferðaþjónustu sú að þá töldu 46% að áhrif Núpsvirkjunnar á upplifun ferðamanna að svæðinu yrðu neikvæð, 42% að áhrifin yrðu engin en 12% að þau yrðu jákvæð.<sup>54</sup>

**9.6 Áhrif virkjunarþátta á ferðaþjónustu og útivist**

Spurt var um afstöðu fagfólks til þriggja þátta varðandi mögulega Hvammsvirkjun og hvort þeir teldu þá hafa jákvæð, engin eða neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu í nágrenninu. Um tveir af hverjum þremur sem svöruðu töldu að breytt/minnkað rennsli Þjórsár og stífla/stíflugarðar myndu hafa neikvæð áhrif og rúmlega helmingur voru á sömu skoðun varðandi lónið. Um þriðjungur taldi að áhrifin yrðu engin. Þá töldu 15% að inntakslónið gæti haft jákvæð áhrif.

**Mynd 9.4** Ætluð áhrif virkjunarþátta á útivist og ferðaþjónustu nágrenninu þeir sem afstöðu tóku<sup>55</sup>



**Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)**

Þetta er svipuð niðurstaða og meðal fagfólks árið 2001 nema að þá töldu heldur fleiri að stífla/stíflugarðar myndu geta haft jákvæð áhrif, þ.e. 18% á móti 7% nú. Þá töldu einnig 75% fagfólks að breytt rennsli Þjórsár myndi hafa neikvæð áhrif en 64% nú.<sup>56</sup>

<sup>53</sup> Fimm komu með útskýringar á svari sínu. Sjá viðauka 2.

<sup>54</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 99.

<sup>55</sup> Þrír tóku ekki afstöðu til stíflna/stíflugarða eða inntakslóns og fimm ekki til minnkaðs/breytts rennslis og merktu við „veit ekki“.

## 9.7 Afstaða til fullyrðinga




Séð yfir fyrirhugað lónstæði Hvammsvirkjunar.

Fagfólkið var beðið um að segja álit sitt á eftirfarandi fullyrðingum.

- *Hvammsvirkjun mun hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.*
- *Hvammsvirkjun og uppbygging ferðaþjónustu í nágrenninu fara vel saman.*
- *Það er rétt að nýta vatnsaflíð í neðri hluta Þjórsár til raforkuframleiðslu.*
- *Hvammsvirkjun verður til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu.*

Skiptar skoðanir voru meðal fagfólksins á því hvort Hvammsvirkjun yrði til hagsbóta fyrir íbúa eða ekki. Hins vegar var meirihlutinn ósammála öðrum fullyrðingum. Þar af voru flestir ósammála því að Hvammsvirkjun myndi hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn, eða 67%, en 10% sammála.<sup>57</sup>

**Mynd 9.5** Skoðun á fullyrðingum um Hvammsvirkjun<sup>58</sup>  
þeir sem afstöðu tóku



<sup>56</sup> Heimild: Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. LV-2001/022. Bls. 98.

<sup>57</sup> Allir höfðu skoðun á því hvort Hvammsvirkjun myndi hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Tveir tóku ekki afstöðu til fullyrðingar um að nýta ætti vatnsaflíð í Þjórsá til raforkuframleiðslu, þrír ekki til fullyrðingar um að virkjun og ferðaþjónusta færu vel saman og níu tóku ekki afstöðu til þess hvort virkjunin yrði til hagsbóta fyrir íbúa á svæðinu og merktu þar við „veit ekki“.


<sup>58</sup> Fimm komu með útskýringar á svari sínu. Sjá viðauka 2.



## 9.8 Áhrif mögulegrar brúar á ferðapjónustu á svæðinu

Þrír af hverjum fjórum sem afstöðu tóku töldu að ný brú yfir Þjórsá myndi hafa jákvæð áhrif á ferðapjónustu á svæðinu en um fjórðungur að hún myndi engin áhrif hafa.<sup>59</sup>

**Mynd 9.6** Áhrif mögulegrar brúar á ferðapjónustu á svæðinu<sup>60</sup>  
þeir sem afstöðu tóku




### Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)

Árið 2001 taldi 60% fagfólks að ný brú myndi í tengslum við Núpsvirkjun myndi hafa jákvæð áhrif á ferðapjónustu á svæðinu en 40% álitu að þau áhrif yrðu engin.<sup>61</sup>

## 9.9 Afstaða til Hvammsvirkjunar

Um 43% fagfólks var neikvætt til Hvammsvirkjunar, 33% hlutlausir og 24% jákvæðir.<sup>62</sup>

**Mynd 9.7** Afstaða til Hvammsvirkjunar



### Samanburður við 2001 (Núpsvirkjun)

Árið 2001 voru 46% svarenda meðal fagfólks í ferðapjónustu jákvæðir til Núpsvirkjunar þegar á heildina var litið, 27% voru hlutlausir en 27% neikvæðir. Talsvert fleiri eru því neikvæðir til virkjunarframkvæmda á svæðinu nú en þá.

<sup>59</sup> Fjórir tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“ en einn svaraði spurningunni ekki.

<sup>60</sup> Nú komu með útskýringar á svari sínu við þessari spurningu. Sjá viðauka 2.

<sup>61</sup> Heimild (gildir einnig fyrir samanburðinn í boxinu neðst á síðunni): Urriðafoss og Núpsvirkjun. Áhrif á ferðapjónustu, útivist og samfélag. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) fyrir Landsvirkjun, nóvember 2002. Bls. 101 -102.

<sup>62</sup> Þrír komu með útskýringar á svari sínu. Sjá viðauka 2



**Viðaukar**



**Viðauki 1****Íbúar og sumarhúsafók; útskýringar á svörum í könnuninni****Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu, útivist og samfélag**

23 þátttakendur (5%) komu með útskýringar á svörum sínum við spurningunni.

**Samfélag og atvinnulíf**

- Hef áhyggjur af mannlífi og umsvifum á framkvæmdatíma. Innrás í samfélagið og margt aðkomufólk sem svo yfirgefur svæðið. Örfá ný störf til frambúðar.
- Ef þessi virkjun kemur verður mun verra að búa í sveitinni. Þar verður sundrung.
- Eftir að búið er að virkja verða engin störf eftir í samfélaginu. Bara búið að raska mannlífi og landi.
- Landsvirkjun mun ráða verktaka til að byggja virkjun. Hefur engin áhrif á atvinnulíf í sveitinni.
- Jákvætt fyrir atvinnulíf til skamms tíma fyrir utanaðkomandi aðila sem fara svo.
- Ég tel að til skamms tíma skapi virkjunarframkvæmdir óæskilega þenslu í þess konar atvinnustarfsemi.
- Ferðaþjónustan mun skila mörgum nauðsynlegum atvinnutækifærum í framtíðinni í okkar sveitarfélagi. Þessar framkvæmdir eru því mjög neikvæðar.
- Við íbúar Rangárþings höfum lítið haft upp úr öllum þessum virkjunum nema fasteignagjöld. Vegurinn liggur beint til Reykjavíkur.
- Kannski tímabundin jákvæð áhrif á verslun.

**Hlunnindanýting**

- Veði þarf ekki að skerðast ef nægu vatni er hleypt framhjá. Lágmark 30 m<sup>3</sup>/sek
- Alltof litlu vatni verður samkvæmt þessu hleypt framhjá virkjuninni. Það mun kosta sjóbirtinginn lífið. Vonandi verður hægt að draga fram líf laxa með endalausum sleppingum.
- Tel að ekki sé komin lausn á veiðimálin, þ.e. að koma seiðum óhultum til sjávar.
- Neikvætt fyrir göngufisk, rennsli of lítið fyrir neðan stíflu; 10m<sup>3</sup>/s sem er aðeins 3% af núverandi rennsli. Vantar frekari upplýsingar um t.d. stofnstærð og sjóbirting.
- Varðandi veiði hefur það sýnt sig að hún eykst ef jökulám er miðlað, s.s. Blanda og við Búrfell.
- Það kemst að öllum líkindum tófa í Ölmóðsey. Höfum nýtt hana til eggjatöku.

**Samgöngur**

- Auðvitað hefði brú yfir Þjórsá jákvæð áhrif á samfélagið og samgöngur en sú framkvæmd ætti að vera á vegum Vegagerðarinnar en ekki Landsvirkjunar.
- Hvammsvirkjun sjálf hefur ekki jákvæð áhrif, heldur bættar samgöngur vegna lagningar vega og með tilkomu nýrrar brúar.
- Ef brúin kemur hefur hún jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og samgöngur.
- Bættar samgöngur vegna brúar.
- Samgöngubót fyrir landeigendur er ekki almenning. Ferðaþjónusta mun skerðast. Möguleikar til útivistar á svæðinu munu skerðast.

**Náttúra**

- Þetta svæði er gífurlega fallett og ekki gott að eyða því svona.
- Náttúran verður ekki eins spennandi. Búið verður að umturna anddyri að hálendi Íslands.

**Annað**

- Ég er nú á móti þessari virkjun. Ef það kæmi flóð úr lóninu þá held ég að Skeiðin færu á kaf.

## Ætluð áhrif einstakra þátta Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu og útivist

16 þátttakendur (3%) komu með útskýringar á svörum sínum við þessari spurningu.

- Ekki gott ef virkjunin hægir á rennsli og breytir þar með aðdráttarafli fossa!
- Rennslið neðan stíflu þarf að vera 30 m<sup>3</sup>/sek að lágmark til að draga úr neikvæðum vatnsborðsbreytingum en ekki 10 m<sup>3</sup>/sek.
- Minnkað rennsli. Farvegur nánast tómur sem skapar fok á jarðefnum í þurrkum.
- Þjórsá verður gjörbreytt, ýmist þurr árfarvegur eða stór lón og stíflugarðar sem ekki eru skemmtilegt fyrirbæri.  
----
- Svæðið sem fer undir lón er mjög fallett. Lón spillir heildarmynd svæðisins.
- Mannvirkin munu umturna landi, göngu- og reiðileiðum og skemma útsýni.
- Til dæmis eyðilegging á reiðleiðum.
- Undur náttúru hverfur og manngert skemmdarverk kemur í staðinn sem fáir vilja sjá.
- Ég tel að framkvæmd af þessum toga hafi mestmegnis óæskileg og neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist.
- Ferðamenn koma ekki hingað til að skoða stíflugarða.  
----
- Bara sjónræn áhrif til að byrja með en gleymist fljótt hvernig var.
- Eykur aðgengið með nýjum vegi og eykur ferðamennsku.
- Ný brú er til góðs fyrir ferðaþjónustu.  
----
- Hugsunin með þessum framkvæmdum eru óhugnanleg. Ég get ekki hugsað mér að horfa upp á þær.
- Hrikalegar afleiðingar fyrir ferðaþjónustuna!  
----
- Er hræddur við aukið mý við uppistöðulónið.

## Áhrif mögulegrar brúar

30 þátttakendur (6%) komu með útskýringar á svörum sínum sem hér fara á eftir.

### Brú óháð virkjun

- Ekki þarf að virkja til að byggja brú (x4).
- Tel að brú verði að koma hvort sem virkjað verður eða ekki. Þarf ekki að virkja þess vegna.
- Átti að vera löngu búíð að brúa.
- Brú yfir Þjórsá þarf að koma óháð því hvort virkjað verður eða ekki.
- Brúin hefði átt að vera komin fyrir tugum ára síðan vegna öryggis fyrir svæðið, rýmingaráætlun og miklu minni aksturskostnaðar á milli svæða.
- Brú og virkjun ættu ekki að fara saman eða vera skilyrði.
- Brýr eiga ekki að tengjast umdeildum virkjunarframkvæmdum.
- Þessi spurning á ekki við. Það á að byggja brýr almenningi til hagsbóta og virkjun á ekki að vera skilyrði fyrir þeim.
- Brú er allt í einu í boði. Hvers vegna og hvers vegna þarna?
- Mátti taka fram í kynningarbæklingi að ný brú væri hluti virkjunar.
- Mér finnst svæðið í heild sinni fagurt eins og það er. Brú þarna yfir hefur ekkert að gera enda er alveg hægt að byggja brýr án virkjana.
- Finnst að ný brú þurfi ekkert að tengjast virkjun. Frekar óeðlilegt að láta þetta hanga saman.
- Ekkert af þessu er háð því hvort miðsveitar Gnúpverjar komist fljótt á Hellu við Rangárþing. Ný brú á ekki að vera á valdi virkjunaraðila. Svarið tengist því ekki Hvammsvirkjun heldur brú per.se. Við gætum misst eitthvað af þessum möguleikum/kostum yfir á önnur svæði með brú.  
----
- Það á ekki að nota brú sem beitu til að fá íbúa til að vera hlynntir virkjun.
- Algerlega óviðeigandi að ný brú sé alltaf skilyrði með virkjun.
- Tel það fráleitt og spillta hugsun að tengja fyrirhugaða brúarsmíði við Hvammsvirkjun.
- Brúin er ekkert annað en mútur.
- Hvaða heimild hefur Landsvirkjun til að byggja brú? Það er rangt að múta fólki með brúargerð til þess eins að byggja virkjun.  
----
- Vegagerðin á að sjá um vegagerð í landinu, ekki Landsvirkjun. Ég hefði viljað brú á Þjórsá fyrir löngu á þessu svæði, fyrir tíð Landsvirkjunar.
- Ekki á að nota brú yfir Þjórsá sem beitu fyrir virkjun. Brýr eiga að fara á vegaáætlun og vera þar sem mest er þörf er á þeim en ekki þar sem hentar t.d. Landsvirkjun.
- Þjórsá er lengsta á landsins með tveimur brúm. Löngu tímabært að fjölga þeim en ég tel það eigi að vera í höndum Vegagerðar með sínum tollum og sköttum en ekki Landsvirkjunar.
- Brú er bara til bóta en á ekki að tengjast virkjunum. Vegagerðin á að sjá um þau mál.
- Það er ekki hlutverk Landsvirkjunar að sjá um samgöngubætur. Hin „fyrirhugaða“ brú ætti að vera staðsett þar sem styttra er frá þjóðvegi að ánni og minni vegagerð.

### Annað

- Helst neikvætt er aukin umferð
- Viljum fá fólk til að stoppa en ekki keyra í gegn.  
----
- Bættar samöngur sem er mjög jákvætt.

## Önnur útvíst á svæðinu 2016

21 þátttakendur (4%) nefndu aðra afþreyingu sem þeir höfðu stundað á svæðinu en sem nefnd var í könnuninni eða komu með athugasemdir við spurninguna. Þau svör fara hér á eftir:

- Hjólreiðar (x7).
- Kajak (x2).
- Landbúnaðarstörf (x2).
- Skoðunarferð.
- Hlaup.
- Björgunaræfingar.
- Fjórhjólaferðir.
- Forvitnisferðir.
- Horfa og njóta útsýnis og friðar.
- Njóta náttúruferðar.
- Nágrenni Hvammsvirkjunar er ekki mikið nýtilegt til vetrarútvistar, skíða eða snjósleða.
- Svólítið misjafnt hversu mikið en mér finnst það ekki skipta máli upp á það að vera á móti virkjun. Ég vil vernda þetta svæði.
- Hér er ekki reiknað með möguleikanum *bílferðir*. Sumir eru gamlir/fatlaðir.

## Afstaða til fullyrðinga um Hvammsvirkjun

37 þátttakendur (8%) komu með útskýringar á svörum sínum sem hér fara á eftir:

### Samfélag og atvinnulíf

---

- Aukin atvinna.
- Meiri atvinnumöguleikar.
- Ekki er notast við vinnuafli á svæðinu.
- Virkjunin felur ekki í sér atvinnuuppbyggingu á svæðinu.
- Hvammsvirkjun er mikil ógn við atvinnuuppbyggingu í okkar sveit (x2).
- Þessi virkjun yrði að öllu leyti til tjóns. Hún hefur nú þegar haft neikvæð áhrif á samfélagið.
- Virkjun í miðju blómlegrar byggðar kemur alltaf til með að hafa neikvæð áhrif!
- Hvammsvirkjun yrði innrás á svæðið og er ekki hugsuð til hagsbóta fyrir íbúa.
- Hvammsvirkjun er þjóðhagslega hagkvæmur kostur.
- Virkjunin hefur jákvæð áhrif fyrir íbúa, ekki síður en aðrar virkjanir í nágrenninu.

### Nýting orkunnar

---

- Best væri að nýta rafmagnið á svæðinu í heimabyggð.
- Skiptir máli að orkan fari í góð verkefni.
- Orkan verður flutt til nýtingar annars staðar.
- Sammála, verði orkan nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.
- Vantar að nýta rafmagnið á Suðurlandi.
- Svo fremi sem raforkan verði ekki eingöngu nýtt til stóriðju.
- Fórna skal fögru landslagi í þágu stóriðju í öðrum landshlutum.
- Fer eftir því í hvað orkan á að nýtast .

### Hlunnindi - veiði

---

- Sammála fullyrðingunum ef farið verður að tilmælum stjórnar veiðifélags Þjórsár.
- Treysti því ekki að þetta komi sér vel fyrir lífríkið, laxinn o.þ.h.
- Lágmark þarf 30 m<sup>3</sup>/s af vatni fram hjá virkjun til að vernda lífríkið, annars er seiðabúskap ógnað.



### Ferðamenn

---

- Virkjanir gætu haft aðdráttarafl fyrir tiltekinn markhóp ferðamanna.
- Ferðamenn vilja njóta einstakrar náttúru. Koma ekki hingað til að njóta virkjana.
- Ferðamenn koma örugglega hingað til að skoða náttúruna en ekki stíflugarða og manngerð lón.

### Samgöngur

---

- Brúin jákvæð.
- Brúin er það sem við þurfum.
- Kostirnir eru brúin sem kemur við Árnes.

### Annað

---

- Veit ekki hvort vega meira jákvæðu eða neikvæðu hliðar virkjunarinnar.
- Brú jákvæð en virkjun ekki.
- Það mætti nú brúa þó ekki kæmi ný virkjun.
- Betra ef stöðvarhúsið væri í Skeið og Gnúp, þá myndin sveitarfélagið fá tekjur af virkjuninni.
- Ef reiðleiðir verða áfram góðar eftir uppbyggingu.
- Sjónmengun af rafmagnslínunum er ljótt að sjá.
- Ég vil að Þjórsá verði látin í friði, hún hefur skilað sínu og mun gera það enn frekar óáreitt.
- Það er búið að virkja nóg í Þjórsá.
- Spurningarnar eru allar jákvæðar fullyrðingar um Hvammsvirkjun en engin „öfug“.

## Afstaða til Hvammsvirkjunar í heild sinni

63 þátttakendur (13%) komu með útskýringar á svörum sínum sem hér fara á eftir. Flestar þeirra voru gagnrýnar á fyrirhugaðar framkvæmdir.

### Landslag og náttúra

---

- Mér finnst ekki rétt að fara í svona framkvæmd og eyðileggja þetta fagra landsvæði.
- Er á móti því að eyðileggja fallett landslag.
- Mér finnst komið nóg af óþarfa eyðileggingu á náttúru og landi, sérstaklega fyrir stóriðju og hvers kyns mengandi starfsemi.
- Óafturkræf, óþörf, gamaldags viðhorf til „nýtingar“ landsins gæða.
- Henni munu fylgja landspjöll og sundrung í samfélaginu.
- Hugmynd af Hvammsvirkjun kom ekki frá íbúum, heldur frá utanaðkomandi aðilum, sem vilja nýta náttúruna í eigin þágu. Við gætum fengið betri hugmyndir sem ekki hefðu í för með sér eilífðarfórnir á landi og náttúru.
- Svæðið sem Landsvirkjun vill sökkva er mjög fjölbreytt og fallett og fellur vel að þeirri heildarnáttúrumynd sem fjöll, gróður, grjót og dýralíf mynda. Veitir okkur nærandi upplifun og tengsl við landið okkar. Slíkt er dýrmætara til lengri tíma litið en nokkrar kílóvattstundir. Töpuð náttúrugæði, samanber eyðilegging Viðeyjar.
- Að sökkva svona fallegu landslagi í ósnortinni náttúru rúmlega 100 km frá höfuðborgarsvæðinu og fá í staðinn ískalt jökullón er ekkert annað en landslagsmorð.
- Ég tel fyrirhugaðar virkjanir í neðri Þjórsá neikvæðar með tilliti til náttúru, mannlífs og samfélags.
- Það fer mjög fallett landsvæði undir lón í mynni Þjórsárdal sem breytir því neikvætt.
- Mun valda mikilli röskun á landslagi og í laxveiði. Neikvæð áhrif á samfélagið. Það á ekki að raska svona landinu í blómlegu landbúnaðarhéraði.
- Tel að virkja eigi á hálendinu en ekki á einkalöndum í byggð.
- M.t.t. umhverfissjónarmiða finnst mér óþarfa ágangur manna með þessari virkjun.
- Hef áhyggjur af stærð lónsins og landinu sem er kaffært.

### Nýting orkunnar

---

- Vildi helst fá einhverja nýtingu á orkunni á svæðinu (Suðurlandi).
- Tel að Hvammsvirkjun eigi einungis rétt á sér verði orkan sem hún gefur nýtt í nágrenni hennar.
- Það fer eftir því hvað á að gera við orkuna og hvar á að nýta hana.
- Ekki stendur til að nýta orkuna á svæðinu. Fok úr leirhraukum þegar frá líður.
- Skiptir máli til hvers raforkan er nýtt. Þurfum ekki frekari stóriðjuuppbyggingu með raforku á útsöluprís.
- Of mikið náttúrurask. Deilumál hvort þurfi rafmagn, a.m.k. til álvera. Vil ekki fleiri stóriðjur.
- Það er komið nóg af virkjunum.
- Við þurfum ekki að virkja fyrir framtíðina.
- Fer í tilgangslausa raforkuframléiðslu fyrir stóriðju. Er einungis skammgóður vermir fyrir íbúa svæðisins.
- Þjórsá hefur skilað sínu til Þjóðarinnar með virkjunum. Látum hana í friði og leyfum samfélaginu að jafna sig eftir virkjanadeilur undanfarinna ára.

### Jákvætt að virkja þarna

---

- Sama vatnsrennsli verður nýtt í stað þess að það renni ónýtt til sjávar.
- Fyrst það þarf að virkja er betra að gera það í ám sem nú þegar hefur verið virkjað í.
- Nauðsynleg nýting í auðlindum Íslands.
- Umhverfisvæn raforkuframléiðsla sem kemur landsmönnum öllum til góða.
- Jákvætt. Sérstaklega þegar kemur að atvinnulífi og samgöngum.
- Gefur okkar fyrirtæki aukna möguleika í vöruþróun, sem er afþreying fyrir ferðamenn.
- Finnst í lagi að virkja í byggð, annað en í óspilltum náttúruverjum.
- Vil frekar virkjun en vindmyllu.

### Samgöngur

---

- Lagning vegar yfir Þjórsá er jákvæð.
- Betri samgöngur.
- Jákvætt að fá bættar samgöngur.
- Vil fá brúna yfir Þjórsá.
- Sé bara kosti. Brú og nýting vatns.
- Brúin mætti vera löngu komin.
- Ný brú á Þjórsá verður verulegra til hagsbóta fyrir íbúana.

### Hlunnindi - lífríki

---

- Umræða hefur verið um neikvæð áhrif á tún bænda og á göngur fiska.
- Mjög neikvæð áhrif á laxagengd - neikvæð umhverfisáhrif.
- Gríðarlega óljós áhrif á lífríki og fiskgengd í Þjórsá.
- Hef hingað til fengið arð af í laxveiðiá sem rennur í Þjórsá. Vil ekki breyta því.
- Neikvætt. Fjölskyldan á veiðirétt í laxveiðiá.
- Í lagi ef lífríki Þjórsár sleppur við teljandi skaða.

### Náttúruvá

---

- Það er heimska að virkja meira í Þjórsá vegna hættu á eldgosum og flóðum vegna þeirra.
- Það er nóg komið af virkjunum í þessari sveit. Farið í aðra landshluta og virkið þar. Þetta er jarðskjálftasvæði og því ekki ráðlegt að setja öll egginn í sömu körfuna.
- Að virkja mikið á sama svæði (Þjórsásvæði) er ekki gott ef náttúruhamfarir verða. Betra að dreifa áhættunni á fleiri landsvæði.

### Reiðleiðir

---

- Hef áhyggjur af reiðleiðum.
- Hef áhyggjur að reiðslóði meðfram ánni lokist og stíflugarðar skemmi útsýnið.

**Bæði og**

- Neikvæð vegna rafmagnsframleiðslu en jákvæð vegna brúargerðar.
- Líst vel á nýja vegi og brú en leiðinlegt að missa fallett svæði undir lón.

**Annað**

- Mér finnst að landeigendur á svæðinu ættu að hafa meira um þetta að segja.
- Framkvæmdaaðili verður að vanda til verka. Ég veit hvað ég hef en ekki hvað ég og komandi kynslóðir fáum í staðinn.
- Það eru margar ástæður fyrir að vilja ekki þessa virkjun, of margar til að skrifa hér.
- Öll kynning framkvæmdar til íbúa er algerlega til skammar fyrir Landsvirkjun.
- Hvammsvirkjun er ógn við atvinnuuppbyggingu í sveitafélaginu.
- Ég tel að virkjunin muni hafa neikvæð áhrif á álit ferðamanna. Hafa meiri áhuga á náttúru en umhverfisspillandi mannvirkjum.
- Neikvæð áhrif á vestrarheit hrossa.

**Athugasemdir og ábendingar að lokum**

41 þátttakendur meðal íbúa og sumarhúsaeigenda (8,5%) komu með athugasemdir eða ábendingar í lok könnunarinnar sem hér fara á eftir. Flestar þeirra voru gagnrýnar á fyrirhugaðar framkvæmdir.

**Afstaða til virkjunar**

- Eins og fram hefur komið líst mér mjög illa á þessa virkjun, búseta í sveitinni verður ekki spennandi ef af henni verður.
- Hér eru mörg tækifæri í ferðaþjónustu. Hvammsvirkjun er mikil ógn við ferðaþjónustuuppbyggingu.
- Svæðið er mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustu og mannlíf. Hvað er jákvætt við stíflur og jökullón í byggð?
- Jökullón í byggð hlýtur að hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Eyjarnar þrjár í Þjórsá verða eyðilagðar, þar af er ein friðlýst.
- Er á móti því að leggja íslenska náttúru undir lón til að „gefa“ útlendingum orkuna.
- Gera eitthvað annað en að drekkja landi.

**Könnunin**

- Hefði verið til bóta að hafa spurningar um landbúnað og sérspurningar um ferðaþjónustu.
- Þessi könnun er of þröng. Ekki er gert ráð fyrir nógu mörgum möguleikum varðandi útivist. Bílferð með fatlað fólk er ígildi útivistar.
- Í þessari könnun er ákveðinn leiðandi tónn sem gefur til kynna „staðreyndir“ sem ekki eru og verða vonandi ekki, þ.e. „Hvammsvirkjun“.
- Spurning 10a hljómar eins og virkjunin sé nú þegar komin upp. Þetta er til skammar, vanda þarf orðaval betur.
- Ég er mjög ósátt við undirbúning á þessari könnun! Ég fékk hana í hendur eftir krókaleiðum. Fossnes er fullt af sumarbústöðum sem hafa Þjórsá fyrir augum eins og minn bær Fossnes. Þið hafið ekki einu sinni fyrir því að setja hann á kortið sem fylgdi með könnuninni. Ef að þessi könnun á að vera marktæk þurfa allir að taka þátt í henni sem hlut eiga að máli.
  - *Útskýring frá skýrsluhöfundu: könnun meðal íbúa var einkum framkvæmd í apríl 2016 en meðal sumarhúsaeigenda í maí sama ár, m.a. í Fossnesi.*
- Þessi spurningakvarði er lélegur. Hafa mjög jákvætt/nokkuð jákvætt o.s.frv. Auk þess sem möguleikar í spurningu 6 skarast. Léleg vinnubrögð.
  - *Útskýring frá skýrsluhöfundu: Ekki er rétt að möguleikar í spurningu sex skarast. Þeir voru: 1) innan við 4 ár, 2) 4-8 ár, 3) yfir 8 ár (sjá könnun í viðauka 3).*

### Lífríki - hlunnindi

---

- Lífríki Þjórsá er ógnað með virkjun.
- Inngrip vegna virkjunar eru skaðlegt fyrir náttúruna, sérstaklega lífríki Þjórsár.
- Mjög neikvæð áhrif á fiskistofna.
- Of stuttur tími er liðinn síðan farið var að mæla stofnstærð í ánni. Vantar ca 4-5 ár til að afla upplýsinga um sjóbirting og sjóbleikju.
- Ef Hvammsvirkjun verður að veruleika hverfa náttúrulegar varnir Viðeyjar fyrir mannaferðum og dýrum. Girðingar munu ná að vernda hana á sama hátt. Þar er fræbanki sjaldgæfra jurta.

### Tilgangur með virkjun

---

- Er nokkur rafmagnsskortur? Góð hugmynd með vindmyllur á hafinu.
- Stóriðja er gamaldags. Sæstrengur er alveg út úr kortinu.
- Tilgangur virkjunarinnar er óljós.
- Í stóra samhengingu: Er þetta orka fyrir Ísland? Er þetta orka fyrir álver? Hóflegar virkjanir í sátt við náttúruna eru í lagi að mínu mati en nú er svo komið að ég treysti ekki því það sé farið af stað með það í huga að framkvæma í sátt við náttúruna.
- Hagkvæmt að virkja þarna.

### Tekjur af virkjun

---

- Ég er ósátt við að tekjur af virkjuninni skuli ekki skiptast á milli sveitarfélaganna beggja vegna árinna!
- Til hvaða sveitafélaga fara opinber gjöld af virkjuninni? Hvað bera Skeið og Gnúpshreppur úr bitum?
- Fasteignargjöld eiga að vera 50% á móti 50% beggja vegna bakka lónsins. Sanngirnismál.
- Fögru landslagi sökkt. Hver er ágóðinn fyrir Skeið og Gnúpverjahrepp?

### Hefja verkið

---

- Drífa framkvæmdina af stað.
- Byrja á þessu sem fyrst.
- Því fyrr því betra.
- Kýla á það.

### Brúin

---

- Gott að fá brú yfir Þjórsá á þessum stað.
- Brú yfir Þjórsá: fara á afleggjarann að Hvammi. Mörgum sinnum ódýrara. Mjög snjólétt meðfram Skarðsfjalli og styttra þar yfir. Hin leiðin er sökkvandi dý.
- Enn verið að ræða það að umrædd brú yfir Þjórsá verði einungis byggð ef Hvammsvirkjun kemur? Það er ótrúlegt!

### Reiðleiðir/gönguleiðir

---

- Mikilvægt að göngu- og reiðleiðir haldi sér.
- Mikilvægt fyrir ferðapjónustu með hestaferðir að reiðleiðir haldist eða gerðar sambærilegar aðeins ofar.

### Heiti mögulegrar virkjunar

---

- Er algjörlega á móti því að tala um þetta sem „Hvammsvirkjun“. Þetta er Þjórsá við Minnanúpsflúðir, Núp, Haga o.s.frv.
- Þetta svæði sem um er spurt hefur aldrei kallast Hvammsvirkjun. Það heitir Þjórsá við Núp, við Hvamm o.s.frv., og óviðeigandi að kalla þetta Hvammsvirkjun.

### Annað

---

- Við jarðskjálfta væri hætta á flóðbylgju úr lóninu.

- Landsvirkjun hefur staðið sig mjög illa með kynningu á þessum virkjunum. Þora kannski ekki að taka umræðuna.
- Mikilvægt að gera nýtt umhverfismat.
- Gæta þarf að því að allar raflínur sem bæta þarf við fari í jörð niður.

#### **Ferðapjónustuaðila á svæðinu: ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á starfsemi þeirra**

11 ferðapjónustuaðilar á svæðinu útskýrðu svar sitt við þessari spurningu (14% þeirra) eða komu með ábendingar. Þau voru eftirfarandi:

- Neikvæð umhverfisáhrif.
- Hugsanlega neikvæð. Allavega engin jákvæð sem ég sé.
- Neikvætt fyrir reiðleiðir.
- Hagkvæmt að keyra á milli svæða þegar brúargerð er lokið.
- Virkjunin verður sem varta í miðju Þjórsárdals.
- Mjög neikvæð.
- Brúin jákvæð fyrir samgöngur.
- Fólk vill náttúru en ekki iðnaðarsvæði að skoða.
- Fólk er alltaf hneykslað á að það sé fyrirhugað að virkja þarna.
- Ekki lengur ósnortið .
- Neikvætt ef reiðleiðir skemmast en jákvætt að bæta samgöngur á milli hreppa.

#### **Ferðapjónustuaðila á svæðinu: útskýringar á afstöðu til nýrrar brúar**

Fjórir ferðapjónustuaðilar á svæðinu útskýrðu svar sitt við þessari spurningu eða komu með ábendingar sem hér segir:

- Tengivegur og brú eru áformuð of neðarlega. Ætti að koma við Hvamm, ódýrasta veglínán.
- Bætir vegasamband á milli sýslna og byggða.
- Brúin er góð en ekki lónið og virkjunin.
- Neikvæð umhverfisáhrif.

## **Fagfólk í ferðapjónustu; útskýringar á svörum í könnuninni**

---

### **Ætluð áhrif Hvammsvirkjunar á upplifun ferðamanna af svæðinu**

- Andlit Þjórsár hverfur í lónið.
- Fallegir staðir í Þjórsá hverfa undir lón.
- Virkjanir stuða að náttúruspjöllum.
- Væntingar ferðamanna snúa að náttúru okkar. Öll röskun á henni er neikvæð upplifun.
- Náttúruspjöll og gróðureyðing.
- Þjórsá er nú mun fallegri en grátt lón.
- Virkjunin mun hafa einhver sjónræn áhrif en minni ella þar sem hún verður í byggð.

### **Afstaða til fullyrðinga um Hvammsvirkjun og vatnsaflsvirkjanir**

- Þetta er bara hagsmunamál fyrir orkufyrirtækið.
- Raforkuverðið hækkar við hvert nýtt orkuver.
- Að okkar mati er fyrirhuguð virkjun of lítil til að réttlæta náttúruspjöllin sem hún veldur.
- Ferðamenn koma ekki til Íslands til að skoða mannvirki og því hljóta fyrstu tvær fullyrðingarnar að vera ósannar.
- Virkjanir geta haft aðdráttarafl með sýningum o.fl..

### **Áhrif mögulegrar brúar**

- Styttir leiðina á milli uppsveita Árnessýslu og Rangárvallasýslu.
- Löngu tímabært að fá brú yfir Þjórsá á þessu svæði en að mínu mati ætti hún að geta komið án virkjunar.
- Þörf á brú á svæðinu en ekki þarf að drekkja landi í vegna hennar.
- Hægt að brúa Þjórsá án þess að virkja hana. Virkjunin er ekki forsenda brúar.
- Verða til nýjar hringleiðir.
- Opnar góða hringleið.
- Talaði nýlega við bóndakonu á Hellum sem var mjög jákvæð.
- Brú skiptir ekki máli fyrir ferðapjónustuna en meira máli fyrir íbúana.
- Óska eftir að hugsað verði um hestamenn þegar ný brú verður hönnuð.

### **Afstaða til Hvammsvirkjunar**

- Þurfum hvorki fleiri álver né raforkustreng til Englands.
- Tel að virkja beri Þjórsá áfram frekar en að fara inn á ný svæði.
- Betri kostur en virkjun á ósnortnu svæði en ekki viss um að þörf sé á þessari orku.

**Viðauki 3****Ferðamenn; útskýringar á svörum í könnuninni****Útskýringar á svörum við fullyrðingarspurningu um Hvammsvirkjun og vatnsaflsvirkjanir**

32 erlendir gestir (10% þeirra) og 10 Íslendingar (6%) komu með útskýringar á svörum sínum við spurningunni.

**Erlendir gestir**

- Ferðamenn vilja sjá fallett landslag. Stíflur munu eyðileggja fegurð landsins að eilífu.
- Mikill hluti af fallettu svæði yrði eyðilagður.
- Háspennulínur eyðileggja útsýni til fjallanna.
- Meiri orka/núverandi orka -> fleira fólk á svæðinu.
- Þjóða upp á vatnasport/-íþróttir á lóninu.
- Virkjanir eru kannski ekki frábærar en frekar nauðsynlegar.
- Ég held að virkjanir muni ekki hjálpa ferðapjónustu.
- Mér finnst vatnsaflsvirkjanir eyðileggja landslagið hvort sem þær eru á hálendi eða láglandi.
- Það eru margir mögulegir orkugjafar.
